



VÆÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2008-2009

UMBROT OG HÖNNUN:
FROSTI ÓLAFSSON

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Viðskiptaráð Íslands var stofnað 17. september 1917 sem samtök verslunar, iðnaðar og siglinga. Í gegnum 90 ára sögu ráðsins hefur það alla tíð verið frjáls vettvangur félaga, fyrirtækja og einstaklinga. Aðild að ráðinu er valkvæð, ólíkt því sem tíðkast hjá viðskiptaráðum víða erlendis.

Sem heildarsamtök viðskiptalífsins starfar Viðskiptaráð óskipt að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Það er eitt öflugusta tæki viðskiptalífsins í baráttu fyrir úrbótum á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja og bættum starfsskilyrðum með jafnræði, frjálsa samkeppni, heilbrigða viðskiptahætti og lágmörkun ríkisrekstrar að markmiði.

Viðskiptaráð hefur alla tíð verið brautryðjandi nýrra hugmynda sem miða að auknu frelsi í viðskiptum og stuðla að almennum efnahagslegum framförum. Þó ýmsar hugmyndir ráðsins hafi þótt róttækar á þeim tíma er þær voru lagðar fram þykja margar þeirra nú sjálfsagðar.

Viðskiptaráð er bakhjarl menntunar og hefur lagt sérstaka áherslu á uppbyggingu viðskiptanáms hérlandis. Í gegnum Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) stendur ráðið bæði að rekstri Verzlunarskóla Íslands og stýrir meirihlutaeign í Háskólanum í Reykjavík. Með framtíðaruppbyggingu menntunar má tvímælalaust auka samkeppnishæfni landsins og því er kappsmál fyrir atvinnulífið að myndarlega sé staðið að menntamálum.

Viðskiptaráð er umsagnaraðili varðandi alla lagasetningu á sviði efnahags- og viðskiptamála og hefur frumkvæði að lagaúrbótum.

Heilbrigt og kraftmikið atvinnulíf skapar forsendur til framfara og bættra lífskjara. Viðskiptaráð og þeir sem að því standa hafa trú á því að Ísland og íslenskt viðskiptalíf geti skipað sér í fremstu röð í alþjóðlegu samhengi, þrátt fyrir það bakslag sem hefur átt sér stað á undanfórnum misserum. Til að svo geti orðið þarf einhugur að ríkja á meðal stjórnvalda, atvinnulífs og íbúa landsins um að byggja hér upp kjöraðstæður atvinnulífs.

Með því að gerast aðili að Viðskiptaráði Íslands taka félagar þátt í að móta nýjar hugmyndir sem auka samkeppnishæfni viðskiptalífsins í heild um leið og fyrirtæki þitt fær gott tækifæri til að efla bæði innlent og alþjóðlegt tengslanet sitt. Samhliða því veitir Viðskiptaráð ýmsa hagnýta þjónustu sem gagnast fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
KRINGLAN 7
103 REYKJAVÍK
ÍSLAND
www.vi.is

©VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS 2010

ÁVARP FORMANNS VIÐSKIPTARÁÐS

ER FRAMTÍÐ FYRIR ÍSLENSKT ATVINNULÍF?

Ágætu félagar

Það þarf ekki að orðlengja um þann mikla ólgusjó sem íslenskt atvinnulíf hefur siglt í undanfarin tvö ár. Eftir tímabil mikils hagvaxtar, verulegrar fjárfestingar og einkaneyslu, stóraukins kaupmáttar og hagfelldra skilyrða í heimsbúskapnum snerist staðan upp í andhverfu sína í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakreppu og greiðsluþrots íslensku bankanna. Við blasir gríðarstór brimskafl þar sem úrlausnarefnin eru bæði margslungin og erfið.

En það er ekki eingöngu atvinnulífið sem á við vanda að glíma. Heimilin í landinu – uppspretta vinnuafis, fjármagns og hugmynda – hafa einnig orðið fyrir verulegum skakkaföllum sem ekki sér enn fyrir endan á. Atvinnuleysi er talsvert, verðlag hefur hækkað, laun staðið í stað, skattar hækkað og skuldastaða hraðversnað. Með veikingu krónunnar hefur hlutfallslegum lífskjörum á Íslandi hrakað verulega og eru þau nú hvergi nærri því sem best gerist annars staðar.



**Tómas Már
Sigurðsson**

Að lokum er vert að minnst sérstaklega á þann vanda sem blasir við í fjármálum hins opinbera. Skuldastaða ríkissjóðs snarversnaði í kjölfar hruns íslensku bankanna vegna ýmiss konar einskiptiskostnaðar og verulegs halla á rekstri ríkisins. Til að snúa við þessari neikvæðu eru einungis ein leið færa; að auka tekjur og draga úr kostnaði. Framundan er því nauðsynleg aðlögun sem mun skerða almenn lífskjör enn frekar.

Það sem kemur glögglega í ljós við þessu stuttu samantekt á stöðu hagkerfisins er sú staðreynd að engin ein stoð samfélagsins er óháð öðrum. Vandí atvinnulífs er vandí heimilanna. Vandí heimilanna er vandí hins opinbera. Vandí hins opinbera er vandí atvinnulífs. Með öðrum orðum þá er um samtvinnuð hagsmuni að ræða og því enn brýnna en ella að efla samstöðu og leita sameiginlegra lausna.

Að þessu sinni er yfirskrift Viðskiptaþingsins *Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf? – Samkeppnishæfni og rekstrarumhverfi*. Með því er annars vegar vísað til þeirrar gríðarlega erfiðu rekstraraðstæðna sem íslensk fyrirtæki búa við um þessar mundir þar sem mikil óvissa, gjaldeyrishöft, hár fjármagnskostnaður, takmarkað aðgengi að fjármagni, versnandi skattaumhverfi og óskilvirk fjármálaþjónusta eru meðal helstu vandamála. Hins vegar er vísað til þeirrar afstöðu sem virðist einkenna almenna umræðu, en ekki verður betur séð en að stór hluti atvinnulífs sé talinn annað hvort óþarfur eða óæskilegur af stórum hluta stjórnámálanna og almennings. Þetta er afar óheppileg staða, sérstaklega í ljósi þeirra samtvinnuðu hagsmuna sem bent er á hér að ofan.

Hagfeldur rekstur hins opinbera og niðurgreiðsla á skuldum ríkissjóðs mun aldrei eiga sér stað án kröftugs og arðbærs atvinnulífs. Að sama skapi er mikilvægur þáttur í samkeppnishæfni atvinnulífs er að hér sé skilvirk stofnanaumhverfi, pólitískur stöðugleiki, hagfellt skattaumhverfi og skynsamleg löggjöf og regluverk. Allt eru það verkefni sem hvíla á herðum stjórnvalda. Það verður því ekki hjá því litið að endurreisn íslensks hagkerfis er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, atvinnulífs og þeirra heimila sem fjármagna og manna atvinnustarfsemina.

Ekki er hægt að segja að mikill sáttatónn eða samstarfsvilji hafi ríkt í endurreisnarsamstarfinu fram til þessa. Þvert á móti hefur hver höndin verið upp á móti annarri og því lítið miðað áfram í mikilvægum málum. Í stað þess að horft sé fram á veg og uppbyggilegra úrlausna leitað hefur dýrmætum tíma og orku verið varið í hnútukast, ásakanir, flokkadrætti og ómálefnalegar umræður. Hér er rétt að undirstrika að ekki eingöngu er vísað til stjórnvalda heldur hafa stjórnarandstaðan, atvinnulífið, fjölmiðlar og fjöldi annarra álitsgjafa átt hlut á máli. Úrtölur hafa fengið meira vægi en hvatningarorð og gagnrýni hljómað hærra en tillögur til úrbóta. Nú er nauðsynlegt að snúa blaðinu við ef íslenska hagkerfinu á ekki að hraka enn frekar með tilheyrandi rýrnun lífsgæða. Meiri tími má ekki fara til spillis.

Það er hlutverk samtaka líkt og Viðskiptaráðs að ganga fram með góðu fordæmi og með það í huga hefur ráðið lagt áherslu á málefnalega gagnrýni og lausnadrifna umræðu. Fjármál hins opinbera, peningamál, samkeppnisaðstæður, eignarhald fyrirtækja, frelsi í viðskiptum og efling á trúverðugleika landsins eru meðal þeirra málaflokka sem hafa verið ofarlega á baugi í starfi ráðsins undanfarin tvö ár. Samhliða hefur aðildarfyrirtækjum verið veittur beinn stuðningur með útgáfu upplýsingaefnis, ráðgjöf og annari hagnýtri þjónustu.

Það er von mín að Viðskiptaþingársins 2010 geti markað nauðsynlegka flaskil í endurreisnarstarfinu framundan. Þingið er skoðanavettvangur atvinnulífsins þar sem skilaboðum er komið áleiðis til stjórnvalda og annarra þátttakenda hagkerfisins. Það er mikilvægt að skilaboðum frá atvinnulífinu sé tekið með jákvæðum og uppbyggilegum hætti og þau nýtt til að styrkja það endurreisnarstarf sem stjórnvöld vinna um þessar mundir. Eftir því sem stjórnvöld hafa meira samráð við hagsmunaaðila í sínum ákvörðunum þeim mun meiri líkur eru til þess að atvinnulífið geti stutt stjórnvöld af heilum hug í krefjandi málum. Samtök líkt og Viðskiptaráð geta skapað mikilvæga brú í slíkri viðleitni og það er von mín að svo megi verða á komandi árum.

Ég hef orðið þeirrar gæfu að njótandi að starfa í stjórn Viðskiptaráðs undanfarin tvö ár. Stjórnarformennsku hef ég sinnt frá haustmánuðum ársins 2009. Starfsemi ráðsins hefur verið bæði umfangsmikil og gagnleg á þessum tíma líkt og þessi ársskýrsla ber með sér. Fjöldi aðildarfyrirtækja hefur haldist nokkuð jafn þrátt fyrir erfiðar aðstæður og umtalsverðan fjölda gjaldþrota. Rekstur ráðsins stendur styrkum stoðum og fjárhagsstaðan er mjög góð. Það er enn fremur sérstakt fagnaðarefni hversu margir nýir félagar hafa bæst í hópinn undanfarna mánuði sem mun efla starfsemi ráðsins enn frekar. Að auki sýnir þessi þróun hversu almennur hljómgrunnur er fyrir áherslum þeim sem Viðskiptaráð hefur ávallt staðið fyrir.

Um leið og ég vil þakka öllum aðildarfélögum Viðskiptaráðs fyrir gott samstarf á undanförunum misserum vil ég þakka Erlendi Hjaltasyni, fyrrum formanni Viðskiptaráðs, sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf fyrir hönd ráðsins á undanförunum árum.

Tómas Már Sigurðsson, formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands.

AÐALFUNDUR OG VIÐSKIPTAÞING 2008

Þann 13. febrúar 2008 var haldinn 73. aðalfundur Viðskiptaráðs og í framhaldi af honum hófst Viðskiptaþing 2008. Yfirskrift þingsins var „Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?“ og var það tileinkað stöðu peningamála á Íslandi. Rúmlega 400 gestir mættu á þingið sem haldið var á Hilton Reykjavík Nordica og heppnaðist það vel í alla staði.

Viðhorfskönnun og skýrsla

Fyrir þingið var gerð viðhorfskönnun meðal aðildarfélaganna þar sem m.a. kom fram sú skoðun félagsmanna að evran kæmi helst til greina ef íslensk stjórnvöld ákvæðu að taka upp annan opinberan gjaldmiðil. Þrátt fyrir það var ríflega helmingur félaga andvígur umsókn um aðild að Evrópusambandinu en einungis þriðjungur félaga var fylgjandi henni. Til marks um áhuga á könnuninni var svarhlutfall ríflega 70%. Niðurstöður viðhorfskönnuninnar voru kynntar í skýrslu sem fylgdi aðalskýrslu þingsins *Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?*

Erindi Viðskiptaþings

Jón Karl Ólafsson, fyrrum formaður Viðskiptaráðs, var fundarstjóri en hann setti þingið og bauð gesti velkomna. Í kjölfarið hélt Erlendur Hjaltason þáverandi formaður ráðsins ræðu þar sem hann kom m.a. inn á það mikilvæga hlutverk sem Viðskiptaráð þjónar sem bakhjarl menntunnar á Íslandi.

Þá tók til máls Richard Portes, sérfræðingur í alþjóðafjármálum frá London Business School, en fyrirlestur hans bar titilinn *Is Iceland too small for a sovereign currency?*. Kom þar fram að krónan skapaði verulega ógn hvað varðar fjármálastöðugleika landsins. Næstur tók til máls Jürgen Stark, stjórnarmaður í evrópska Seðlabankanum, og kynnti hann afstöðu bankans til einhliða eða tvíhliða upptöku Evru í erindi sínu „Unilateral or bilateral adoption of the Euro: ECB position“. Hann kom meðal annars inn á það að bankinn styddi ekki einhliða upptöku Evru og minnti á að nýliðar yrðu að koma inn um aðaldyrnar en ekki bakdyrnar.



Richard Portes hélt erindi um stöðu íslensku krónunnar

Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, hélt ræðu þar sem hann hvatti m.a. til þess að frjó umræða færi fram um almenna stöðu efnahagsmála jafnt og skipulag gengis- og gjaldmiðismála. Hann fjallað einnig um að ríkisstjórnin hefði reglulega gert athuganir á fyrirkomulagigjalddeyrismála, en í þeirri siðustu sem gerð hafi verið af Hagfræðistofnun kom fram að tveir möguleikar væru í stöðunni; annað hvort þyrfti að halda því fyrirkomulagi sem verið hefur eða þá að ganga í Evrópusambandið og taka upp Evruna.

Viðbrögð viðskiptalífsins

Pallborðsumræður, sem stjórnað var af Þóru Arnórsdóttur, endurspegluðu viðbrögð viðskiptalífsins við þeim erindum sem flutt voru á þinginu. Þátttakendur voru Hreiðar Már Sigurðsson þáverandi forstjóri Kaupþings, Róbert Wessman þáverandi forstjóri Actavis og núverandi stjórnarformaður Salt Investment, Katrín Pétursdóttir forstjóri Lýsis og Tryggvi Þór Herbertsson þáverandi forstjóri Askar Capital og núverandi alþingismaður.

Afhending námsstyrkja

Á þinginu afhenti þorgerður K. Gunnarsdóttir þáverandi menntamálaráðherra námsstyrki Viðskiptaráðs. Löng hefð er fyrir því á Viðskiptaþingi að veita styrki úr námssjóðum ráðsins, en styrkina hljóta framúrskarandi nemendur í framhaldsnámi á háskólastigi erlendis í greinum sem tengjast atvinnulífinu með beinum hætti. Þar af er að lágmarki einn styrkur sérstaklega ætlaður námsmanni á sviði upplýsingatækni og kemur sá styrkur úr sérstökum sjóði sem aðildarfélagar Viðskiptaráðs innan upplýsingatæknigeirans standa að baki. Styrkirnir fyrir árið 2008 voru fjórir, að upphæð 350.000 kr hver. Styrkþegarnir að þessu sinni voru Magnús Þór Torfason, Georg Lúðvíksson, Bjarney Sonja Ólafsdóttir og Guðmundur Árni Árnason.

Aðalfundur og kjör stjórnar

Á aðalfundi var kynnt ársskýrsla Viðskiptaráðs 2006-2007 og fór Finnur Oddsson framkvæmdastjóri yfir starf ráðsins á þeim árum. Einnig gerði framkvæmdastjóri grein fyrir endurskoðuðum reikningum ráðsins fyrir árin 2006 og 2007 og voru reikningar samþykktir samhljóða. Fundurinn samþykkti að árgjöld yrðu hækkuð í samræmi við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2008 og 2009. Stjórnin ákvað þó að nýta sér ekki þá heimild á árinu 2009 til að koma til móts við féлага í því erfiða efnahagsástandi sem hefur ríkt undanfarið.

Fyrir aðalfund kusu félagsmenn stjórn og formann ráðsins skriflega, eins og lög Viðskiptaráðs gera ráð fyrir, og var kjörsókn 56%. Auk formanns er stjórn ráðsins skipuð 18 fulltrúum. Eftirtaldir voru kjörnir fyrir tímabilið 2008-2010: Erlendur Hjaltason hjá Exista var kjörinn formaður, í aðalstjórn voru kjörin: Ingólfur Helgason, Kaupþing banki, Halla Tómasdóttir, Auður Capital, Katrín Pétursdóttir, Lýsi, Kristín Jóhannesdóttir, Baugur Group, Halldór J. Kristjánsson, Landsbanki Íslands, Knútur Hauksson, Hekla, Þór Sigfússon, Sjóvá, Lárus Welding, Glitnir, Hildur Árnadóttir,

Bakkavör Group, Tómas Már Sigurðsson, Alcoa, Hermann Guðmundsson, N1, Róbert Wessman, Actavis Group, Þórður Magnússon, Eyfir Invest, Ari Edwald, 365, Jón Sigurðsson, Össur, Hreggviður Jónsson, Veritas Capital, Margrét Pála Ólafsdóttir, Hjallastefnan og Guðmundur Kristjánsson, Brim.

Í varastjórn voru kjörin: Friðrik Sophusson, Landsvirkjun, Jón Þórisson, VBS fjárfestingarbanki, Gunnar Sverrisson, ÍAV, Kristján Loftsson, Hvalur, Finnur Árnason, Hagar, Þórdís Sigurðardóttir, Teymi, Þórður Sverrisson, Nýherji, Lárus Ásgeirsson, Marel, Tryggvi Þór Herbertsson, Askar Capital, Steinn Logi Björnsson, Húsasmiðjan, Þórður Guðmundsson, Hátækni, Svava Johansen NTC, Jón Sigurðsson, FL Group, Ásdís Halla Bragadóttir, EVA Consortium, Ragnar Guðmundsson, Norðurál, Þórður Friðjónsson, OMX Kauphöll Íslands, Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, Flugleiðahótel, Svanbjörn Thoroddsen, Straumur Burðarás og Gunnar Sturluson, Logos.



Jürgen Stark, stjórnarmaður í Evrópska Seðlabankanum

VIÐSKIPTAÞING 2009

„Endurreisn hagkerfisins“ var yfirskriftin á Viðskiptaþingi 2009, en það var haldið 12. mars á Hilton Reykjavík Nordica og sóttu ríflega 400 gestir þingið. Mikil umræða hafði verið innan viðskiptalífsins um stöðu hagkerfisins og endurreisnaráætlunarinnar og var þingið því brýnt innlegg í þá umræðu. Meðal gesta voru lykilmenn úr íslensku viðskiptalífi, ráðherrar, þingmenn, fræðimenn, erlendir sendiherrar og embættismenn.

Viðhorfskönnun og skýrsla

Viðskiptaráð Íslands gaf út skýrslu í tengslum við Viðskiptaþingið og bar hún heitið „Endurreisn hagkerfisins – horft til framtíðar“. Í skýrslunni var fjallað um þær áherslur sem heppilegt væri að hafa að leiðarljósi í því endurreisnarstarfi sem framundan væri. Í skýrslunni var dregið á flectum þeim málum sem snertu efnahagslega framtíð íslensku þjóðarinnar til skemmri og lengri tíma. Þar ber einna helst að nefna aðkomu hins opinbera að atvinnurekstri og atvinnulífinu, mikilvægi athafnafrelsis, menntamál og stefnu í utanríkismálum, svo fátt eitt sé nefnt.



Pedro Videla, prófessor frá IESE, var aðalræðumaður þingsins

Viðskiptaráð kannaði einnig hvaða áhrif fjármálakreppan hefði á rekstrarstöðu aðildarfyrirtækja, hver afstaða sömu fyrirtækja væri gagnvart stöðu stjórnsýslu, aðgerða stjórnvalda til úrbóta og mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu. Þetta var gert í formi könnunar sem send var þátttakendum, öllum aðildarfélögum í Viðskiptaráði, með tölvupósti. Það er til marks um áhuga félagsmanna á málefnum að svarhlutfall reyndist ríflega 60%, sem telst mjög viðunandi fyrir þetta form könnunar, sérstaklega þegar haft er í huga að í úrtakinu voru eingöngu æðstu stjórnendur eða forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja.

Í könnuninni komu afleiðingar hruns íslensku viðskiptabankanna í október 2008 vel í ljós. Ríflega helmingur þátttakenda taldi rekstrarstöðu sinna fyrirtækja eiga eftir að versna á næsta hálfa árinu, með tilheyrandi fækkun starfsfólks. Orðspor íslenskra fyrirtækja í útlöndum hafði einnig beðið hnekki sem þyngdi enn róðurinn, sérstaklega hjá þeim fyrirtækjum sem háð væru erlendum birgjum eða viðskiptavinum í starfsemi sinni. Horft til skemmri tíma töldu þátttakendur mikilvægast að bæta aðgengi að fjármagni, aðallega í formi vaxtalækkana og að hið opinbera örvaði atvinnulíf með auknum framkvæmdum.

Til lengri tíma lögðu þátttakendur áherslu á að það þyrfti að taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna. Flestir vildu taka upp evru, sumir strax en aðrir í kjölfar aðildar að ESB. Meirihluti aðildarfélaga í Viðskiptaráði voru hlynttiraðildarumsóknað Evrópusambandinu í viðhorfskönnuninni 2009. Stuðningur við ESB jókst því umtalsvert hjá félögum ráðsins milli ára, en samkvæmt könnun frá því í janúar 2008 var þriðjungur aðildarfélaga hlynttur aðildarumsókn á kjörtímabilinu.

Erindi Viðskiptaþings

Fundarstjóri þingsins var Jón Karl Ólafsson, fyrrum formaður Viðskiptaráðs, en í kjölfar þess að fundur var settur hélt þáverandi formanns Viðskiptaráðs, Erlendar Hjaltasonar, ræðu formanns.

Erlendur kom inn á mikilvægi skjótra viðbragða í því óvissuástandi sem ríkti ásamt því að tala um þá hættu sem skapast gæti hér á landi vegna flótta fjármagns og fólks. Taldi hann að búa þyrfti svo um hnútana í náginni framtíð að Ísland yrði ákjósanlegur staður til ávöxtunar fjármagns. Þá minnti hann fundargesti á að þrátt fyrir að nú blési á móti væri ekki vænlegt að snúa baki við þeim almennu viðhorfum sem hafa leitt til hagsældar vestrænna ríkja síðustu áratugi. Brýnasta úrlausnarefnið framundan fælist í að sannfæra Íslendinga, sem og útlendinga, um að Ísland væri land tækifæra en ekki hnignunar.

Að lokum kom hann inn á að breytingar væru nauðsynlegar, en öfga bæri að forðast. Því mikilvæga verkefni sem framundan væri

yrði aðeins lokið með víðtækri samvinnu. Með bjartsýni, áhuga og hagsmuni allrar þjóðarinnar að leiðarljósi stæði fátt í vegi fyrir endurreisn hagkerfisins.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tók næst til máls og nefndi að hún teldi Viðskiptaþing Viðskiptaráðs mikilvæga samkomu í íslensku samfélagi. Það hefði skapað sér mikilvægan sess í þjóðfélagslegri umræðu og bæri vott um öfluga starfsemi ráðsins. Minnti hún á að viðskiptalífið væri undir öllum eðlilegum kringumstæðum grundvöllur atvinnuuppbyggingar og velferðarkerfis í nútímasamfélögum, en þannig væri það grundvöllur heilbrigðs og öflugs samfélags. Í ræðu sinni kallaði Jóhanna einnig eftir samstöðu og stuðningi þinggesta og minnti á að nóg væri af nýjum tækifærum og horfa mætti jákvæðum augum til framtíðarinnar þrátt fyrir að Íslendingar glímdu við tímabundna erfiðleika.

Þá minnti hún á að mikilvægt væri að læra af reynslunni og að atvinnuuppbygging hér



Fulltrúar viðskiptalífsins taka þátt í umræðu um endurreisn hagkerfisins undir stjórn Boga Ágústssonar fréttamanns

á landi væri eitt mikilvægasta verkefnið framundan að hennar mati. Íslendingar væru þekktir fyrir sveigjanleika og kom ennfremur fram í máli Jóhönnu að hún teldi að sá sveigjanleiki myndi koma Íslendingum fyrr í gegnum efnahagslægðina en öðrum þjóðum sem glímdu við svipaðan vanda.

Dr. Pedro Videla, prófessor í hagfræði við IESE Business School, flutti erindið „Crisis 101: What to do and not to do?“ en þar fór hann meðal annars yfir þróun yfirstandandi heimskreppu. Í erindi sínu fjallaði hann um aðdraganda og orsakir kreppa af því tagi sem Ísland ætti við að etja, reynslu frá öðrum löndum og aðgerðir sem líklegastar væru til að vinna bug á ástandinu.

Pedro taldi innviði íslenska hagkerfisins sterka, raunar sterkari en margra annarra ríkja, og því væri full ástæða fyrir Íslendinga að vera bjartsýnir. Hann varaði jafnframt við auknum ríkisútgjöldum sem aðgerð til að vinna bug á kreppunni, þar sem langtímaafleiðingar slíkrar stefnu gætu orðið mjög alvarlegar. Að sama skapi taldi hann ekki skynsamlegt að hækka skatta til að mæta fjárfislegum skorðum í fjármálum hins opinbera og áleit allt eins líklegt að við núverandi aðstæður gætu skattahækkunar beinlínis leitt til tekjusaðráttar fyrir hið opinbera. Hvað varðar upptöku annarrar myntar, áleit Pedro valið ekki standa á milli upptöku evrunnar og áframhaldandi sjálfstæðrar peningastefnu; valið stæði á milli upptöku evru eða efnahagslegrar einangrunar. Að loknu erindi sínu tók Pedro við spurningum úr sal.

Áherslur stjórnmalaflokkanna

Í kjölfar erinda framsögumanna tóku við umræður um áherslur stjórnmalaflokkanna með forsvarsmönnum þeirra flokka sem sæti áttu á Alþingi, en umræðunum stjórnaði Bogi Ágústsson. Stjórnmalamennirnir ræddu ýmis mál, þar á meðal skattahækkunar, en ekki voru allir sammála um hvort til slíkra aðgerða þyrfti að koma. Þannig taldi Guðjón Arnar Kristjánsson formaður Frjálslyndaflokksins að það væri blekking að halda því fram að skattahækkunar væru ekki nauðsynlegar, á



Jóhanna Sigurðardóttir,
forsætisráðherra, hélt ræðu

meðan Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins taldi ekki raunhæft að hækka skatta á einstaklinga og fyrirtækja í því árferði sem væri.

Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna sagði líklegt að á næstu misserum þyrfti að grípa til blöndu skattahækkana og niðurskurðar hjá hinu opinbera og tók Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður Samfylkingarinnar í sama streng. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður Sjálfstæðisflokksins sagði ljóst að aðhalds þyrfti að gæta í ríkisfjármálaum og lagði áherslu á það þyrfti að skapa skattkerfi sem væri hvetjandi.

Meðal þess sem forsvarsmenn stjórnmalaflokkanna ræddu einnig um var möguleg aðild Íslands að Evrópu-sambandinu. Athygli vakti að Ágúst Ólafur Ágústsson hjá Samfylkingunni sagði að aðild að ESB yrði líklega skilyrði flokksins fyrir samstarfi í ríkisstjórn eftir kosningar. Steingrímur J. Sigfússon hjá Vinstri grænum lýsti furðu á þessari kröfu Samfylkingar og sagði ákvörðun um ESB krefjast vandaðs mats á heildarhagsmunum þjóðarinnar. Þá

lýsti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson því yfir að stefna Framsóknarflokksins í Evrópumálum væri skýr: upptaka evru og aðild að ESB. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hjá Sjálfstæðisflokknum sagði ljóst að þjóðin þyrfti að kjósa um aðild að ESB. Guðjón Arnar Kristjánsson hjá Frjálslynda flokknum tók í sama streng, en lagði þunga áherslu á að Ísland héldi áfram yfirráðum yfir auðlindum sínum.

Viðbrögð viðskiptalífsins

Í pallborði viðskiptalífsins sátu Jón Sigurðsson forstjóri Össurar, Kristín Pétursdóttir forstjóri Auðar Capital, Svava Grönfeldt þáverandi rektor Háskólans í Reykjavík, Tómas Már Sigurðsson forstjóri Alcoa Fjarðaáls og Vilhjálmur Þorsteinsson stjórnarformaður CCP. Í pallborðinu var rætt um hugsanlega inngöngu Íslands í Evrópusambandið og voru þátttakendur pallborðsins sammála um að möguleg aðild að ESB væri afar mikilvægur áhrifaþáttur atvinnuuppbyggingar til framtíðar.

Þar kom einnig fram að brýnt væri að mál er lúta að peningastefnunni og íslensku krónunni yrðu leidd til lykta sem allra fyrst.

Námsstyrkir Viðskiptaráðs

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti námsstyrki Viðskiptaráðs fyrir árið 2009. Fjórir nemendur hlutu styrk að upphæð 350 þúsund krónur hver, tveir af þeim voru valdir af framkvæmdastjórn og sérstök ráðgjafanefnd námssjóðs um upplýsingatækni valdi styrkþega á sviði upplýsingatækni. Styrkþegar voru Helgi S. Skúlason meistaranemi í rafmagnsverkfræði við McGill háskólann í Kanada, Ólafur Guðmundsson meistaranemi í rafmagnsverkfræði við Stanford háskólann í Kaliforníu, Eva H. Arnarsdóttir meistaranemi í hagnýtri hagfræði og fjármálum við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og Birgir Már Þorgeirsson meistaranemi í tölfraði við London School of Economics.

STÖRF STJÓRNAR 2008-2009

Stjórn Viðskiptaráðs sem kjörin var á aðalfundi 13. febrúar 2008 lýkur störfum á aðalfundi 17. febrúar 2010. Stjórnina skipa 18 manns auk formanns sem kjörinn er sérstaklega. Nítján varamenn eru jafnan boðaðir á stjórnarfundum og hafa þeir þar fullt málfrelsi og fullan tillögurétt. Alls eru því 38 manns sem hafa aðgang að fundum stjórnar Viðskiptaráðs.

Stjórn Viðskiptaráðs hefur komið saman 20 sinnum á kjörtímabilinu. Á fundunum eru ýmis mál tengd atvinnulífinu rædd sem og stefnumál Viðskiptaráðs. Gestum er gjarnan boðið á fundina til að halda framsögu um málefni líðandi stunda, en í kjölfarið gefst tækifæri til líflegra umræðna.

Stjórnarfundir og fundarefni

Haldnir voru 20 formlegir stjórnarfundir á tímabilinu um ýmis málefni:

2008		2009	
7.jan	Tækifæri í heilbrigðisþjónustu: Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra	12.jan	Áherslur í starfinu og Viðskiptaþing
10.mar	Ársskýrsla Viðskiptaráðs kynnt stjórn	29.jan	Framkvæmdastjórn VÍ, stjórn SVÍV og Viðskiptaþing
31.mar	Utanríkismál: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra	2.mar	Staða atvinnulífsins
5.maí	Sjávarútvegs-, landbúnaðar- og Evrópumál: Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra	6.apr	Hagsmunir atvinnulífs: Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður
9.jún	Íslenskt viðskiptalíf og staða peningamála: Richard Portes, hagfræðiprófessor við London Business School	11.maí	Umsókn um ESB aðild og núverandi staða viðskiptalífsins: Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra og Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar og borgarfulltrúi
8.sep	Staða ríkisfjármála: Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra	15.jún	Verkefni stjórnvalda undanfarin misseri: Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra
6.okt	Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum	14.sep	Stefnumótun og framtíðarstarfsemi ráðsins
3.nóv	Umræður um efnahagsvandann	15.okt	Samstarf aðila í hagsmunagæslu
1.des	Málefni líðandi stundar: Geir H. Haarde forsætisráðherra	2.nóv	Sjóndeildarhringur VÍ og málefni atvinnulífsins
12.des	Ályktun stjórnar VÍ til Evrópumála	18.des	Staða atvinnulífsins og áherslur á nýju ári Gestir: Svava Grönfeldt, fráfarandi rektor HR, og Ari Kristinn Jónsson, verðandi rektor

STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR 2008-2009

Á fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar þann 10. mars 2008 var samþykkt tilnefning um skipan framkvæmdastjórnar Viðskiptaráðs Íslands. Erlendur Hjaltason var endurkjörinn formaður stjórnar ráðsins á aðalfundi, en með honum í framkvæmdastjórn voru svo kjörin, Halla Tómasdóttir (Auður Capital), Halldór J. Kristjánsson (Landsbankinn), Ingólfur Helgason (Kaupþing), Katrín Pétursdóttir (Lýsi), Knútur Hauksson (Hekla) og Kristín Jóhannesdóttir (Baugur).

Í byrjun árs 2009 tóku Hermann Guðmundsson (N1) og Tómas Már Sigurðsson (Alcoa) sæti í framkvæmdastjórn í stað Halldórs J. Kristjánssonar og Ingólfs Helgasonar. Tómas Már tók við sem varaformaður Viðskiptaráðs í október 2009 og í kjölfarið sem formaður ráðsins.

Framkvæmdastjórn markar stefnu ráðsins á hverjum tíma og hefur yfirumsjón með daglegum störfum þess. Auk ofangreindra sitja fundina framkvæmdastjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og lögfræðingur ráðsins. Framkvæmdastjórn kom saman 26 sinnum á kjörtímabilinu.

Fulltrúar VÍ í ýmsum nefndum og ráðum

Stjórn SVÍV

Tómas Már Sigurðsson, formaður
Jón Karl Ólafsson
Vilhjálmur Egilsson
Þorkell Sigurlaugsson
Bryndís Hrafnkelsdóttir

Ráðgjafanefnd EFTA

Haraldur I. Birgisson
Frosti Ólafsson

Nefnd viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu

Katrín Pétursdóttir

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands

Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Helgi Jóhannesson
Jón Diðrik Jónsson
Þórður Möller

Stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs

Andri Árnason, formaður
Gunnar Sturluson
Baldvin Björn Haraldsson
Ingibjörg Bjarnadóttir
Vala Valtýsdóttir
Hreggviður Jónsson

Háskólaráð Háskólans í Reykjavík

Finnur Oddsson, formaður
Eggert Guðmundsson
Katrín Friðgeirsdóttir
Þórður Magnússon
Katrín Heimisdóttir, varamaður
Tómas Már Sigurðsson, varamaður

Reikningsskilaráð

Hildur Árnadóttir
Brynja Halldórsdóttir, varamaður

Nefnd fjármálaráðuneytisins um skattkerfið

Tanya Zharov

Starfshópur um stjórnarhætti fyrirtækja

Þórður Friðjónsson, formaður
Finnur Oddsson
Guðrún Björk Bjarnadóttir,
Hildur Árnadóttir
Þórunna Jónsdóttir
Þórður Magnússon
Haraldur I. Birgisson

Nefnd forsætisráðuneytisins um ímyndarmál

Finnur Oddsson

Samningahópur vegna peningamála (ESB-umsókn)

Þórður Friðjónsson

Undirbúningsnefnd utanríkisráðuneytisins vegna stofnunar Íslandsstofu

Finnur Oddsson

Nefnd forsætisráðuneytisins um þróun Evrópumála

Erlendur Hjaltason
Finnur Oddsson

Icepro

Rúnar Júlíusson

Stjórn EAN á Íslandi

Svavar Svavarsson

Síðanefnd SÍA

Haraldur I. Birgisson

FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS

LÁTUM EKKI DEIGANN SÍGA

Það er óhætt að segja að síðustu tvö ár hafi verið ein þau viðburðaríkustu í íslensku efnahagslífi frá stofnun lýðveldis. Í kjölfar mikilla sviptinga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum fjaraði undan íslenska bankakerfinu sem að lokum lenti í greiðsluþroti haustið 2008. Þar kom margt til, en auk áðurgreindra aðstæðna á alþjóðamörkuðum er ljóst að áhættusækni banka og viðskiptalífs hafði verið umtalsverð, bankakerfið var of stórt samanborið við hagkerfið, sjálfstæður gjaldmiðill og þensluhvetjandi fjármálastefna gerði vandann enn illviðráðanlegri og að lokum er ljóst að ýmsu var ábótavant í starfi stjórnýslu og eftirlitsstofnanna.



**Finnur
Oddsson**

Í kjölfarið hefur meginverkefni flestra fyrirtækja, heimila og annarra þátttakenda hagkerfisins snúið að því að lágmarka skaðann og leggja grunn að endurreisn hagkerfisins. Starf Viðskiptaráðs Íslands hefur að sama skapi mótast af þessum áherslum. Ásamt því að hafa lagt fram tillögur fyrir stjórnvöld bæði fyrir og eftir fall bankanna þá hefur starfsfólk ráðsins tekið þátt í ýmsum vinnu- og samstarfshópum beint og óbeint tengdum fjármálakreppunni. Auk þessara beinu verkefna hefur almenn starfsemi ráðsins verið löguð að breyttu efnahagsumhverfi með ýmsum hætti.

14

Mikil vinna hefur verið lögð í samskipti við erlenda aðila, t.a.m. fjölmiðla, sendifulltrúa og fjárfesta en samhliða hefur útgáfustarfsemi Viðskiptaráðs á hagnýtu upplýsingaefni á ensku verið aukin til muna. Markmið þeirrar vinnu lýtur fyrst og fremst að því að veita aðildarfélögum aðgengilegar samantektir um hin ýmsu mál sem þeir geta nýtt í samskiptum við erlenda hagsmunaaðila. Reglubundin útgáfa á íslensku var jafnframt eflað vegna ástandsins og málefna starfssemin hefur aldrei verið virkari. Fjöldi funda, útgefna skoðana og skýrslna hefur verið meiri en nokkurn tíma áður en auk þess hefur ráðið hafið útgáfu á vikulegu fréttabréfi. Málefnavinnan hefur almennt skilað sér vel í umræðuna og verið fylgt eftir með ýmsum hætti.

Þema Viðskiptaþings árið 2009 var í takt við tíðarandann en yfirskrift þess var *Endurreisn hagkerfisins: Horft til framtíðar*. Á þinginu var lögð áhersla á þá staðreynd að þrátt fyrir yfirstandandi fjármálakreppu og þau mistök sem áttu sér stað í aðdraganda hennar gilda almenn lögmál hagfræðinnar enn á Íslandi. Í því samhengi var rætt um aðkomu hins opinbera að atvinnurekstri, stöðu ríkisfjármála og heppilegt umfang opinberrar þjónustu, mikilvægi athafnafræðis og alþjóðlegra viðskipta auk fjölda annarra mála. Þá var bent á helstu hætturarnar sem fylgja erfiðum fjármálakreppum en þar ber helst að nefna varanlegan flóttu fólks og fjármagns.

Á Viðskiptaþingi ársins 2010 er lögð áhersla á hagnýt úrlausnarefni fremur en hugmyndafræðilega stefnu stjórnvalda. Þrátt fyrir að ýmislegt hafi færst til betri vegar undanfarið ár er ljóst að rekstrarumhverfi fyrirtækja hefur sjaldan verið verra. Þá hefur almennum lífsskjörum hrakað hratt. Við þessu þarf að sporna. Að þessu sinni er yfirskrift þingsins *Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf? - Samkeppnishæfni og rekstrarumhverfi* og vísar til þess erfiða rekstrar- og skattaumhverfi sem nú blasir við íslenskum fyrirtækjum og hversu líklegt megi telja að hér muni þrífast öflug og blómleg fyrirtæki til framtíðar.

Yfirstandandi erfiðleikar eru til þess að læra af þeim. Það má þó ekki láta efnahagsörðugleika verða til þess að kreddur um ágæti efnahagslegrar einangrunar, haftastefnu í alþjóðaviðskiptum, verulegra opinberra afskipta eða tortryggni í samskiptum við útlendinga njóti hljómgrunns innan samfélagsins. Við viljum ekki að storminum fylgi algjört logn. Þrátt fyrir að vissulega væri óskandi að hér ríkti meiri festa í efnahagsmálum má ekki rugla stöðugleika saman við stöðnun og afturhvarf. Stór hluti af þeim breytingum sem átt hafa sér stað í íslensku samfélagi undanfarna áratugi hafa verið jákvæðar og stóreflt hér lífsgæði.

Í stað þess að við taki logn eigum við að nýta þá sterku innviði sem eru til staðar til að skapa meðbyr. Mannauður, náttúruauðlindir, einkaframtak, einfalt skattkerfi, virk utanríkisviðskipti, alþjóðleg samvinna og innlend samstaða eru lykilatriði í því samhengi. Það er þekkt orðatiltæki að brennt barn forðist eldinn og vissulega á það í einhverjum skilningi við í kjölfar þeirra erfiðleika sem nú er við etja. Þeir mega þó ekki verða til þess að sá eldmóður sem hefur einkennt Íslendinga í gegnum tíðina hverfi og við taki stöðnun, afturhaldssemi og forsjárhyggja.

Árin fyrir hrun reyndu viðskiptalíf og fjárfestar að ná miklum árangri án samsvarandi erfiðis og tóku þar af leiðandi óþarflega mikla áhættu. Af slíkum mistökum þarf að læra. Nú dugar ekkert annað en að láta hendur standa fram úr ermum og vinna hörðum höndum að því að endurreisa íslenskt hagkerfi. Viðskiptaráð mun áfram taka þátt í því starfi með rýni, hugmyndavinnu og hagnýtum tillögum með það að markmiði að hér verði byggt heilbrigt og kraftmikið samfélag þar sem líf skjör verða með besta móti.

Látum ekki deigann síga.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

STARFSEMI Á SKRIFSTOFU VIÐSKIPTARÁÐS

Nokkrar breytingar hafa orðið á mönnun ráðsins frá síðasta aðalfundi, en starfsmannafjöldinn tekur breytingum í samræmi við verkefni á hverjum tíma.

Sumarið 2008 var Davíð S. Davíðsson ráðinn í starf hagfræðings Viðskiptaráðs um leið og Frosti Ólafsson, þáverandi hagfræðingur, tók við stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra ráðsins. Davíð lét af störfum ári síðar en við starfi hans tók Björn Þór Arnarson.

Haustið 2008 hóf Elísabet Allwood störf í bókhaldsdeild ráðsins. Ári síðar voru Ragnar Þorvarðarson, viðskiptafræðingur, og Þórdís Bjarnadóttir, lögfræðingur, ráðin til starfa hjá Viðskiptaráði. Ragnar var ráðinn til að hafa umsjón með upplýsinga- og útgáfumálum en Þórdís var ráðin á lögfræðisvið ráðsins.

Starfsmenn Viðskiptaráðs eru nú eftirfarandi:

Birna Ingólfssdóttir ritari framkvæmdastjóra, Björn Þór Arnarson hagfræðingur, Elín Jónsdóttir starfandi fjármálastjóri, Elísabet Allwood bókar, Finnur Oddsson framkvæmdastjóri, Frosti Ólafsson aðstoðarframkvæmdastjóri, Haraldur I. Birgisson aðallögfræðingur, Hulda Sigurjónsdóttir móttökuritari, Ragnar Þorvarðarson umsjónarmaður upplýsinga- og útgáfumála og Þórdís Bjarnadóttir lögfræðingur. Til viðbótar starfar Þórunn Stefánsdóttir sem fjármálastjóri en hún er í barneignaleyfi fram á sumarið 2010.

16

Á skrifstofu ráðsins hafa önnur félög og ráð starfsemi sína. Þannig er starfandi alþjóðasvið hjá ráðinu og hefur forstöðumaður þess, Kristín S. Hjálmtýsdóttir, aðstöðu á hæðinni. Fransk-íslenska viðskiptaráðið hefur einnig sérstakan starfsmann Arnoud Siad. Þá hefur Icepro, nefnd um rafræn viðskipti, aðsetur á hæðinni en framkvæmdastjóri hennar er Örn S. Kaldalóns.



Efri röð frá vinstri: Arnaud Siad, Frosti Ólafsson, Haraldur I. Birgisson, Örn S. Kaldalóns, Björn Þ. Arnarson, Ragnar Þorvarðarson og Kristín Hjálmtýsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Elísabet Ó. Allwood, Elín Jónsdóttir, Finnur Oddsson, Hulda Sigurjónsdóttir og Birna Ingólfssdóttir

SKÝRSLUR RÁÐSINS 2008-2009

Viðskiptaráð gefur reglulega út skýrslur og skoðanir um þau málefni sem eru ofarlega á baugi í viðskiptalífinu hverju sinni. Þar að auki gerir ráðið þeim málum ítarleg skil sem stjórn þess telur mikilvægt að tekin séu til umræðu á opinberum vettvangi.

Viðskiptalíf síðustu tveggja ára hefur einkennst af miklum breytingum og hafa þau málefni sem Viðskiptaráð tekur fyrir verið í samræmi við það. Fyrir Viðskiptaþing 2008 gaf ráðið út skýrsluna *Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?* ásamt niðurstöðum úr viðhorfskönnun meðal aðildarfélaga þar sem glöggt kom fram að vilji væri fyrir því meðal forsvarsmanna íslensks viðskiptalífs að stefna að upptöku evru.

Fyrir Viðskiptaþing 2009 kom út skýrslan *Endurreisn hagkerfisins - horft til framtíðar* ásamt viðhorfskönnun þar sem könnuð voru viðhorfa félaga til afleiðinga bankahruns, rekstrarstöðu fyrirtækja og nauðsynlegra aðgerða til endurreisnar hagkerfisins. Í lok árs 2009 gaf ráðið síðan út skýrsluna *Fjármál hins opinbera - aðrar leiðir færar* sem hlaut góðar undirtektir í fjölmiðlum. Í skýrslunni voru stjórnvöld hvött til að velja hagnýtar leiðir sem byggðu á raunsæi og varðstöðu um heildarhagsmuni sem væri sérstaklega mikilvægt við aðstæður í íslensku samfélagi. Í skýrslunni var einnig gerð grein fyrir göllum á fyrirhuguðum skattabreytingum og lagðar fram aðrar leiðir til að koma á jöfnuði í ríkisfjármálum og tryggja áfram velferð í íslensku samfélagi.

Skýrslur ráðsins 2008-2009

Febrúar 2008

Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?
Niðurstaða viðhorfskönnunar Viðskiptaráðs
Ársskýrsla Viðskiptaráðs 2006-2007

Júní 2008

Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur

Nóvember 2008

Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja: leiðbeiningar

Febrúar 2009

Endurreisn hagkerfisins - horft til framtíðar
Niðurstaða viðhorfskönnunar Viðskiptaráðs

Júní 2009

Stjórnarhættir fyrirtækja: leiðbeiningar 3. útgáfa
Hugsum smátt - lítil og meðalstór fyrirtæki

Desember 2009

Fjármál hins opinbera - aðrar leiðir færar



SKOÐANIR RÁÐSINS 2008-2009

Viðskiptaráð gefur reglulega út skoðanir ráðsins. Þar eru bæði tekin fyrir almenn málefni líðandi stundar sem og sértæk hagsmunamál félaga. Í þeim tilfellum sem um er að ræða mál tengd einstökum félögum er í mörgum tilfellum reynt að nálgast umræðuna á breiðari grunni til að auka vægi hennar. Skoðanir Viðskiptaráðs má skilgreina sem stuttar skýrslur og þeim er fylgt eftir með fréttatilkynningum og almennri fjölmiðlaumræðu.

Mars 2008

- Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum - eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar

Apríl 2008

- Íbúðalánasjóður - Riddari á hvítum hesti?

Mái 2008

- Sterkari Seðlabanki er hagsmunamál allra
- Orkufrumvarp iðnaðarráðherra - þjóðhagslega óhagkvæmt

September 2008

- Komum póstinum í réttar hendur

Nóvember 2008

- Aðgerðir í þági atvinnulífs

Desember 2008

- Forðast ber skattahækkanir

Febrúar 2009

- Áherslur næstu 80 daga
- Afnáam hafta og lækun vaxta
- Bætt stjórnsýsla eykur traust
- Endurreisn í samstarfi við alþjóðasamfélagið

Apríl 2009

- Hagkerfi í viðjum örmyntar
- Mikilvægustu kosningamálin

Júní 2009

- Skattlagning vaxtagreiðslna: Óheppileg leið að settu marki

Október 2009

- Þátttaka lífeyrissjóða í endurreisnarstarfi

Janúar 2010

- Var skattkerfið vandamál?

Allar skýrslur og skoðanir má nálgast á vefsíðu ráðsins www.vi.is

Ný aðildarfélög hjá Viðskiptaráði Íslands

Lánavaktin ehf.	Fafu ehf.	Prófilm kvikmyndagerð
Vörður tryggingar hf.	Responsible Surfing ehf.	Expectus ehf.
Salt Investments ehf.	Primula ráðgjöf ehf.	Laugar ehf.
Securitas hf.	Steinunn Sigurd ehf.	Kreditlausnir ehf.
Fashion Group ehf.	Tæknibrú	Skipti hf.
Skjárin ehf.	Collective ehf. (CLARA)	Sena ehf.
Iceland Pelagic ehf.	Lectura ehf.	Strokkur Energy ehf.
Consolium ehf.	Hálogaland ehf.	Alprjón ehf.
Mammon ehf.	Kapex ehf.	Já upplýsingaveita
Innovit ehf.	Ferðavefir ehf	Míla ehf.

ÝMSIR FUNDIR VIÐSKIPTARÁÐS 2008-2009

Viðskiptaráð heldur reglulega fundi þar sem mikilvæg málefni eru tekin til umræðu og afstaða ráðsins kynnt. Algennt er að ráðið haldi slíka fundi í tengslum við útgáfu skýrsla eða annars efnis. Fundirnir eru í mörgum tilfellum haldnir í samstarfi við aðildarfélög með beinum eða óbeinum hætti. Aðildarfyrirtæki geta leitað til Viðskiptaráðs hafi þau áhuga á samstarfi eða aðstoð við skipulagningu slíkra funda.

2008

9. janúar	Skattadagur Deloitte, Viðskiptaráðs, Samtaka Atvinnulífsins og Viðskiptablaðs Morgunblaðsins
13. febrúar	Viðskiptaþing 2008: Íslenska krónan – Byrði eða blóraböggull?
11. mars	Staða efnahagsmála - Fundur í Kaupmannahöfn í samstarfi við sendiráð Íslands í Danmörku
27. mars	Námskeið: Incoterms 2000, á vegum landsnefndar Alþjóða viðskiptaráðsins
8. maí	Málþing: Traust á umbrotatímum
6. júní	Morgunverðarfundur: Ókyrrð í efnahagsmálum: Markaðsbrestir eða pólitískir brestir?
4. september	Morgunverðarfundur: Útpensla hins opinbera - orsakir, afleiðingar og úrbætur
23. september	Morgunverðarfundur: Íslenskt mál í viðskiptalífínu
18. nóvember	Morgunverðarfundur: Fjármálakreppan – Er lausn í sjónmáli?

19


2009

13. janúar	Skattadagur Deloitte, Viðskiptaráðs og Viðskiptablaðs Morgunblaðsins
27. janúar	Hádegisfundur: Staða og hlutverk gerðardómsréttar á Íslandi
12. mars	Viðskiptaþing 2009: Endurreisn hagkerfisins
24. mars	Námskeið í HR: Ábyrgð og árangur stjórnarmanna
25. mars	Morgunverðarfundur: Hlutverk peningastefnu á óróatímum
2. apríl	Morgunverðarfundur: ESB - kostir og gallar
5. júní	Málþing: Mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja
2. október	Hvatningarráðstefna: Stjórnun í gjörbreyttu efnahagsumhverfi
21. október	Námskeið í HR: Ábyrgð og árangur stjórnarmanna
22. október	Morgunverðarfundur: Hlutverk lífeyrissjóða í endurreisninni
6. nóvember	Morgunverðarfundur: Höft og háir vextir – Er breytinga að vænta?
26. nóvember	Morgunverðarfundur: Áhrif banka á rekstrarumhverfi fyrirtækja

Að þessu viðbættu héldu starfsmenn Viðskiptaráðs erindi á fjölda funda og ráðstefna á tímabilinu. Allar nánari upplýsingar um ofangreinda fundi má nálgast á vefsíðu ráðsins **www.vi.is**

LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Í júní 2009 gaf Viðskiptaráð út skýrsluna *Hugsum smátt – Lítill og meðalstór fyrirtæki*. Viðskiptaráð lagði drög að þessari vinnu á árinu 2008 þegar ráðið stofnaði sérstakan ráðgjafahóp sem í sátu fulltrúar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem einnig eru aðildarfélagar ráðsins. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum og þakkar Viðskiptaráð samstarfið sem reyndist einkar vel.



Merki verkefnisins
"Hugsum smátt"

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru stærsti vinnuveitandinn á Íslandi og því er þjóðhagslegt mikilvægi þeirra ótvírætt. Í Evrópu eru þau burðarás í atvinnulífinu rétt eins og hér á landi og því hefur verið lögð sérstök áhersla á að efla slík fyrirtæki innan Evrópusambandsins (ESB). Mikilvægur liður í þeirri vinnu er áætlun undir heitinu *Think small first*, sem miðar að því að tryggja litlum og meðalstörum fyrirtækjum eins gott rekstrarumhverfi og kostur er.

Hugsum smátt!

Í þessari vinnu var leitast við að bera kennsl á þjóðhagslegt vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi og hvernig núverandi starfsumhverfi þeirra stæðist alþjóðlegan samanburð. Skýrslunni var skipt í tvo meginhluta. Í þeim fyrri er að finna tölfræðilegt yfirlit og stutta umfjöllun um þjóðhagslegt vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í íslensku efnahagslífi. Í seinni hlutanum er stiklað á stóru um einkenni rekstrarumhverfis lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi.

Málþing um lítill og meðalstór fyrirtæki

Skýrslunni var fylgt eftir með málþingi sem haldið var 5. júní 2009 í Þjóðminjasafni Íslands undir yfirskriftinni *Margt smátt gerir eitt stórt*. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra ávarpaði þingið en í máli hennar kom m.a. fram að hún teldi að stjórnvöld þyrftu að geta boðið ákveðna festu eða stöðugleika í rekstrar- og skattaumhverfi fyrirtækja. Frummælendur voru Christina Sommer forseti European Small Business Alliance, Bogi Örn Emilsson framkvæmdastjóri Skjals og Eiríkur Hilmarsson eigandi Kaffitárs, en fundarstjórn var í höndum Hafðísar Jónsdóttur formanns FKA og framkvæmdastjóra Lauga Spa.

Frekari vinna framundan

Mikill tími Viðskiptaráðs síðustu misseri hefur farið í ýmis mál tengdu efnahagshruninu en þar hefur verið lögð áhersla á að styðja heildina. Í því endurreisnarstarfi sem framundan liggur er gjarnan fjallað um stór og þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki og lagðar til leiðir að því hvernig tryggja megi áframhaldandi starfsemi þeirra. Áhersla á stóru fyrirtækin er auðvitað mikilvæg en e.t.v. ekki í samræmi við hlutfallslegt vægi þeirra á Íslandi. Mótun heildarlausna er mikilvæg en slíkt gæti aukið líkurnar á því að sem flest þeirra komist heilu á höldnu í gegnum þær efnahagshremmingar sem nú ríða yfir.

Með skýrslunni og málþingi um lítill og meðalstór fyrirtæki vonast Viðskiptaráð Íslands til þess að grunnur verði lagður að álíka vitundarvakningu um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi og hefur átt sér stað í Evrópu undanfarin ár. Ráðið mun halda þessari vinnu áfram enda má segja að lítill og meðalstór fyrirtæki séu hryggjarstykkið í endurreisn hagkerfisins.

NÝR VEFUR OG FRÉTTABRÉF VIÐSKIPTARÁÐS

Á haustdögum 2008 réðst Viðskiptaráð í gerð nýrrar vefsíðu með það að markmiði að auðvelda aðgengi að efni ráðsins. Nýtt útlit var hannað á síðuna en hún er hýst í kerfi frá Outcome hugbúnaði ehf. Vefsíðan var sett upp á notendavænan hátt, þar sem fréttir og viðburðir birtast á forsiðu ásamt yfirliti yfir það nýjasta í útgáfu ráðsins.

Á sama tíma hefur bein miðlun upplýsinga af vefnum verið aukin, en fréttir sem birtast á síðu ráðsins, birtast nú sjálfkrafa í fréttablæði viðskiptavefjanna M5.is og Keldan.is. Samhliða þessum breytingum var reynt að auka umfang almennra upplýsinga á vefnum um starfsemi Viðskiptaráðs.

Til að efla enn frekar upplýsingamiðlun ráðsins í kjölfar fjármálakreppunnar var brugðið á það ráð að senda vikulegt fréttabréf Viðskiptaráðs, en það er gefið út á föstudögum. Þetta hefur gefið góða raun en með fréttabréfinu gefst tækifæri til að miðla upplýsingum til félaga auk þess sem auðvelt er að kynna þá viðburði sem hafa átt sér stað og framundan eru. Öll útgefin fréttabréf Viðskiptaráðs síðustu tvö árin má nálgast undir liðnum *Útgefið efni* á www.vi.is

Þar sem fréttir síðustu missera í íslensku atvinnulífi hafi af miklu leyti einkenst af neikvæðum atburðum ákvað Viðskiptaráð að brydda upp á þeirri nýjung að enda fréttabréf hverrar viku á liðnum *Bjartsýni í vikulok*. Þar er stiklað á stóru í jákvæðum fréttum og reynt að draga saman það sem góð áhrif getur haft á efnahagslíf Íslands og víða um lönd.

21



Skjámynd af nýjum vef ráðsins

Viðskiptaráð tók einnig í notkun nýtt fréttabréfakerfi í lok desember 2009, einng frá Outcome hugbúnaði ehf. Fréttabréfið er því mun lesendavænna, þar sem notendur geta bæði skoðað það í pósthótti sínu en einnig í vafra með því að velja hlekk sem sendur er með póstinum.

Áframhaldandi áhersla verður á vandaða upplýsingamiðlun. Vefsíða ráðsins og fréttabréfið er hugsað sem vettvangur fyrir félaga til að tengjast beint þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Einnig má kynna sér þar og fá yfirlitsupplýsingar um þá viðburði sem ráðið, samstarfs- og aðildarfélagar standa að hverju sinni.

VINNSLA UPPLÝSINGAEFNIS Á ENSKU

Í kjölfar hruns íslensku viðskiptabankanna hefur Viðskiptaráð staðið fyrir stóru aukinni upplýsingagjöf til erlendra aðila. Það hefur lýst sér í miklum samskiptum við fjölmiðla og hagsmunaaðila erlendis ásamt útgáfu á fjölþættu efni á ensku fyrir aðildarfélaga. Efnistökin hafa í flestum tilfellum tengst stöðu og þróun mála hérlandis í kjölfar fjármálakreppunnar.

The Icelandic Economic Situation

Frá lokum árs 2008 hefur ráðið gefið reglulega út skýrslu á ensku um stöðu efnahagsmála hér á landi, en hún nefnist *The Icelandic Economic Situation: Status Report*. Skýrslan hefur verið uppfærð reglulega, nú síðast í janúar 2010, en hún er hugsuð til upplýsingamiðlunar og jafnframt til að kynna stöðu mála hér á landi fyrir erlendum samstarfs- og hagsmunaaðilum.

Í skýrslunni hefur reglulega verið birt samantekt um þróun efnahags- og stjórnmála hérlandis frá hruni bankanna. Nýjasta útgáfa skýrslunnar var uppfærð með áherslu á þróun endurreisnar bankakerfisins, þróun í ríkisfjármálum og þá atburði sem áttu sér stað varðandi Icesave-málið í lok desember 2009 og byrjun árs 2010. Skýrslan inniheldur m.a. tímaás þar sem farið er yfir helstu atburði sem snerta efnahagsmál landsins í tímaröð frá september 2008 til dagsins í dag.

Ásamt skýrslunni hafa einnig verið gefnar úr glærur á pdf formi sem félagar hafa nýtt sér til að kynna efni skýrslunnar í stuttu máli. Félagar Viðskiptaráðs Íslands geta nálgast nýjustu útgáfu skýrslunnar *The Icelandic Economic Situation: Status report* og meðfylgjandi glærur á skrifstofu ráðsins.



GÓÐIR STJÓRNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA

Á undanförunum tveimur árum hefur töluverð áhersla í starfi Viðskiptaráðs verið lögð á aukið gegnsæi í íslensku atvinnulífi. Sú vinna byggir einkum á tveimur þáttum, annars vegar á að einka- og opinber fyrirtæki tileinki sér leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og hins vegar að skil þeirra á grunn rekstrarupplýsingum taki breytingum til batnaðar. Að þessari vinnu hefur fjöldi aðila komið, en þar má einna helst nefna CreditInfo, Nasdaq OMX Ísland, Samtök atvinnulífsins, ráðuneytin, Seðlabanka Íslands og sendiherra.

Bættir stjórnarhættir forsenda trausts

Nýjar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja voru gefnar út um mitt síðasta ár, en þessi þriðja útgáfa þeirra felur í sér víðtæka endurskoðun á þeim fyrri frá árinu 2005. Að útgáfunni stóð starfshópur á vegum Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Ísland og Samtaka atvinnulífsins.

Ástæður fyrir áframhaldandi viðleitni í átt að bættum stjórnarháttum undir formennsku Þórðar Friðjónssonar eru augljósar. Ófarir undanfarinna missera benda því miður til brotalama í stjórnarháttum margra fyrirtækja, bæði hérlandis og erlendis. Vantraust í garð fyrirtækja og atvinnulífs hérlandis er til vitnis um að margt hefur betur mátt fara í þessum efnum og við blasir að grípa þurfi til aðgerða til að endurheimta glatað traust og auka á trúverðugleika í atvinnurekstri.



Þá hefur alþjóðlega fjármálakreppan ýtt við frekari umræðu um hlut stjórnarháttanna í núverandi ástandi og hefur hún orðið til þess að kennsl hafa verið borin á ýmsa vankanta í þeim efnum. Í ljósi þess og með hliðsjón af því að íslenskt atvinnulíf hefur orðið sérstaklega illa úti, ekki síst álítslega, var við hæfi að hér yrði brugðist við af festu og stjórnarhættir í íslensku atvinnulífi bættir til frambúðar. Fyrsta skrefið í þeirri vegferð er endurskoðun fyrri leiðbeininga.

Helstu viðbætur og breytingar nýrra leiðbeininga tengjast hlutverki stjórnarformanns, innraeftirliti og áhættustýringu, starfskjarastefnu, auk þess sem rík áhersla er lögð á upplýsingagjöf. Einnig er nú fjallað um siðareglur og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, sem sýnt er að leggja þurfi áherslu á til skemmri og lengri tíma. Leiðbeiningarnar

innihalda þannig bæði fleiri og ítarlegri ákvæði en þær fyrri og gera ríkari kröfur til stjórnenda fyrirtækja á nær öllum sviðum. Þessar breytingar og nýjar leiðbeiningar hafa verið kynntar á undanförunum mánuðum fyrir aðildarfélögum ráðsins og eru jafnframt hluti af kennsluefni við námsskeið á vegum Háskólans í Reykjavík. Þá verður næstu misserum varið í frekari kynningar á leiðbeiningunum auk þess sem áætlað er að endurskoða þær með haustinu, en þá munu fjölmörg tilmæli og viðmið sama efnis liggja fyrir víða erlendis.

Með því að taka frumkvæðið og undirgangast alþjóðlega viðurkennd viðmið góðra stjórnarháttanna ganga íslensk fyrirtæki og stjórnendur á undan með góðu fordæmi og sýna vilja í verki til lagfæringar á því sem miður hefur farið. Þannig er jafnframt lagður grunnur að því að endurheimta traust og trúverðugleika, jafnt innanlands sem utan, sem er grunnforsenda þess að kraftmikið og heilbriggt atvinnulíf fái þrífist.

Þátttaka opinberra fyrirtækja mikilvæg

Mikilvægi þess fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag að fyrirtæki tileinki sér leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og árangur þeirrar eftirfylgni veltur að stórum hluta á virkri þátttöku fyrirtækja í beinni og óbeinni eigu hins opinbera. Hið opinbera hefur til langs tíma verið eigandi margra stærstu fyrirtækja landsins og líkur eru á að svo verði áfram. Þá hefur fall bankanna og þróun efnahagsmála undanfarin misseri leitt til þess að fjöldi fyrirtækja hefur færst undir forsjá opinberra aðila.


Vegna þessa gaf Viðskiptaráð, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland, út leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja í lok árs 2008. Tilgangur þeirra, umfram það að bæta stjórnarhætti og auka gagnsæi, er að skilgreina viðmið um hlutverk hins opinbera sem eiganda og greina á milli ólíkra hlutverka þess, skýra skyldur og ábyrgð stjórna og loks að tryggja jafna samkeppnisstöðu milli einkafyrirtækja og opinberra.

Leiðbeiningunum er fyrst og fremst beint að opinberum fyrirtækjum á samkeppnismörkuðum, en inntak þeirra henta öðrum fyrirtækjum í eigu hins opinbera sem og öðrum opinberum einingum. Þá hafa leiðbeiningarnar að geyma sértæk viðmið fyrir opinber fjármálafyrirtæki og er það í fyrsta skipti sem slík viðmið hafa verið sett fram hérlandis. Útgáfa þeirra mæltist almennt vel fyrir hjá þáverandi forsvarsmönnum ríkisbankanna þriggja sem sóttu útgáfufundinn, en auk þess rataði inntak þeirra í eigendastefnu ríkisins sem Bankasýslunni er ætlað að framfylgja.

Markviss skil á rekstrarupplýsingum

Ein afleiðing efnahagsástandsins og takmarkaðs gegnsæis í atvinnulífinu kom bersýnilega í ljós í nóvember 2008. Þá ákváðu stærstu greiðslufallstryggingarfélag heims, Euler Hermes, Atradius og Coface að draga sig markvisst úr ábyrgðum á greiðslum íslenskra fyrirtækja til erlendra viðskiptamanna. Vantraustsyfirlýsingin sem í þessu fólst setti utanríkisviðskipti í talsvert uppnám og hafði veruleg áhrif á rekstur innflutningsfyrirtækja, m.a. í formi þess að þau voru krafín um uppgreiðslur á reikningsviðskiptum og fyrirframgreiðslu á vörukaupum.

Viðskiptaráð hafði vegna þessa frumkvæðið að myndun viðræðuhóps sem hélt erlendis til funda við tryggingarfélagin síðla árs 2008. Markmið þeirrar heimsóknar var að gera þeim grein fyrir almennri stöðu efnahagsmála á Íslandi, skýra stöðu íslenskra fyrirtækja og að koma aftur á



Mikilvægt er að stjórnendur í íslensku atvinnulífi tileinki sér góða stjórnarhætti í sem ríkustum mæli

venjubundinni fyrirgreiðslu gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Vinna viðræðuhópsins bar árangur um mitt síðasta árs þegar eitt tryggingarfélaganna ákvað að íslensk fyrirtæki fengju sömu fyrirgreiðslu og fyrirtæki í öðrum löndum, en lítið hefur þokast í þessum efnum frá þeim tíma.

Ljóst er að ótryggt efnahagsástand hérlandis, þ.e. sú kerfislæga áhætta sem íslensk fyrirtæki hafa búið við, réð mestu um áður nefnda afstöðu tryggingarfélaga en geta fyrirtækja til að hafa þar áhrif á er takmörkuð. Annar veigamikill þáttur var hins vegar verulegur skortur á upplýsingum um eiginfjár- og lausafjárstöðu fyrirtækja hérlandis, en íslenskt atvinnulíf hefur alla möguleika á að færa þann þátt til betri vegar. Fram til þessa hafa töluverð vanhöld verið á að fyrirtæki skili ársreikningum til þar til bættra aðila, sem er verulega til baka þar sem reikningar þeirra skipta sköpum við mat á ábyrgðarhæfi. Verði ekki breyting hér á til batnaðar er ólíklegt að erlendu tryggingarfélögin fái stíð í náninni framtíð aftur til að tryggja greiðslur íslenskra fyrirtækja.

Vegna þessa hefur Viðskiptaráð lagt ríka áherslu á að fyrirtæki standi beturskil á grunnupplýsingum úr rekstri. Með auknu gagnsæi samhliða tímanlegum skilum ársreikninga geta íslensk fyrirtæki með beinum hætti lagt mikilvæg lóð á vogarskálarnar í þessu mikla hagsmunamáli.

Áframhaldandi áhersla í starfi Viðskiptaráðs

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur íslenskt atvinnulíf legið undir gagnrýni og ljóst má vera að í of mörgum tilvikum er hún verðskulduð. Skortur á trausti og trúverðugleika sem af þessu hefur leitt hefur staðið uppbyggingarstarfi fyrir þrífum og forgangsmál er að ráða þar bót á. Það krefst beinna aðgerða af hálfu atvinnulífsins, m.a. í því formi að viðhorf um mikilvægi góðra stjórnarháttanna, viðskiptasiðferðis og gagnsæis verði virkara í framtíðinni.

Vegna þess mun Viðskiptaráð vinna áfram að því að efla góða stjórnarhætti í íslensku atvinnulífi og hvetja til aukins gagnsæis, m.a. með markvissari skilum fyrirtækja á rekstrarupplýsingum. Hagsmunir atvinnulífs og samfélags í heild eru of miklir til að ekki verði ráðin bót á þessum vanda.

ALPJÓÐASVIÐ VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Allt starf millilandaráðanna síðla árs 2008 og árið 2009 litaðist af því ástandi sem skapaðist eftir hrun íslensku bankanna. Líkt og hjá öðrum má segja að fyrstu mánuðir ársins hafi einkennst af óvissu um stöðu mála, óvissu um efnahagsástandið, gengismál og stjórn málin ekki síst. Þetta hefur áhrif á viðskipti og afstöðu erlendra fyrirtækja og forráðamanna þeirra til Íslands og íslenskra fyrirtækja.

Segja má að millilandaráðin hafi í upphafi verið í einskönar varnarbaráttu. Mörg þeirra fyrirtækja sem höfðu verið burðarstoðir í ráðunum fóru í þrot eða drógu verulega saman seglin eftir bankahrunið. Nærtækast er að nefna bankana sjálfa og mörg fyrirtæki eigenda þeirra. Það er hins vegar gleðilegt að segja frá því að félögum í ráðunum hefur ekki fækkað eins og óttast var og í reynd hafa bæst í hópinn þó nokkur öflug fyrirtæki, bæði innlend og erlend.

Strax var ákveðið að framkvæmdastjóri ráðanna og nokkrir formanna myndu fara í skipulegar heimsóknir til félaga og stendur sú vinna enn yfir. Það var bæði gert til að tryggja áframhaldandi stuðning og fá fréttir úr starfi fyrirtækjanna en jafnframt var leitað eftir hugmyndum félaganna um hvernig mætti efla starfið enn frekar.

Millilandaráðin hafa einnig haldið uppi nokkuð reglubundinni upplýsingagjöf til erlendra félaga sinna, bæði með stuttum samantektum á því helsta sem gerðist á Íslandi, en einnig með því að kynna málf lutning opinberra aðila eftir því sem við hefur átt. Þá hefur þó nokkur tími farið í að þjónusta erlenda fjölmiðla, bæði með upplýsingum um stöðu íslenskra efnahagsmála og með því að leita uppi viðmælendur hér á landi.

Lögð var mikil áhersla á að viðhalda tengslum við forsvarsmenn erlendra félaga ráðanna með símtölum og bréfaskriftum, skjótum

svörum við fyrirspurnum og upplýsingagjöf. Kom skjótt í ljós að nánast allir sem átt hafa í viðskiptum við Íslendinga treystu íslenskum samstarfsfyrirtækjum mjög vel og voru tilbúnir að leggja mikið á sig í þeirra þágu. Skiptir miklu að þessi tengsl haldist enda eru þau að mörgu leyti undirstaðan fyrir viðreisn atvinnulífsins til lengri tíma.

Millilandaráðin eiga mikil og góð samskipti við sendiráð og ræðisskrifstofur erlendra ríkja hér á landi og mun Alþjóðasvið halda áfram að styrkja þau tengsl. Samstarf Alþjóðasviðs við utanríkisráðuneytið og sendiráð þeirra, Ferðamálastofu sem og Útflutningsráð fara vaxandi. Þessi tengsl sem byggð hafa verið upp á undanförunum árum komu sér líka mjög vel þegar á reyndi í lok árs 2008 og framan af 2009.

Alþjóðleg tengsl Viðskiptaráðs eru einnig í gegnum Landsnefnd alþjóða viðskiptaráðsins sem er hluti af Alþjóða viðskiptaráðinu í París (ICC). Landsnefndin á Íslandi tengist öðrum landsnefndum um heim allan. Félögum Landsnefndarinnar gefst tækifæri til þess að taka beinan þátt í störfum þeirra nefnda. Helstu baráttumál Alþjóða viðskiptaráðsins eru hindrunarlaus milliríkjaviðskipti á öllum sviðum. Um 8.000 fyrirtæki eiga aðild að ICC um heim allan. Formaður íslensku Landsnefndarinnar er Einar Sveinsson.

Áberandi þáttur í starfi Alþjóðasviðsins er móttaka erlendra gesta og samskipti við þá. Fjöl margar viðskiptasendinefndir hafa sótt Viðskiptaráð Íslands heim á árinu. Tilgangur heimsóknna sendinefndanna er að kynna sér íslenskt viðskiptalíf og hefur Alþjóðasviðið skipulagt fundi þeirra og forsvarsmanna hérlendra fyrirtækja. Nokkur dæmi eru um að viðskiptasambönd hafi komist á laggirnar eftir þessar heimsóknir. Einnig berast ráðinu fyrirspurnir frá fyrirtækjum sem vilja koma á

viðskiptasamböndum við íslensk fyrirtæki en þær hafa reyndar verið færri síðustu mánuði en áður, eins og viðbúið var.

Starfsemin 2008 og 2009

Bryddað var upp á þeirri nýjung að sameiginlegur fundur allra millilandaráðanna var haldinn í mars 2008 undir yfirskriftinni „ESB- kostir og gallar“ á Grand hótél Reykjavík. Á fundinum fóru ræðumenn yfir umræðuna í sínum löndum um aðildina að sambandinu, áður en gengið var til aðildarumræða og hvernig staðan er í dag.



Frá morgunfundi BRÍS þar sem boðið var upp á egg og beikon

Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra ávarpaði fundinn. Dr. Martin Marcussen dósent í stjórnmálafræði við Kaupmannahafnarháskóla sagði að í upphafi hafi Danir mest hugsað um verðlag á vörum, en hafi áttað sig á því að aðild að ESB hefði mun viðtækari áhrif, s.s. á velferðarkerfið og öryggismál. Mario Katsioloudes, prófessor við grísk-bandaríska háskólann í Apenu gerði í upphafi máls síns grein fyrir sérstakri stöðu eyjarinnar Kýpur, þar sem hluti eyjunnar er í ESB en hinn þ.e. tyrkneski minnihlutinn fyrir utan. Alyson Bailes, gestaprófessor við Háskóla Íslands fór yfir tilgang stofnunar ESB og hvað var haft að leiðarljósi við stofnun þess. Hún fór yfir öryggismál í víðasta skilningi.

Bresk-íslenska viðskiptaráðið

Bresk-íslenska viðskiptaráðið (BRÍS) var stofnað í nóvember 1997. Í dag eru félagar um 80, bæði bresk og íslensk fyrirtæki.

Í maí 2008 var skipulagður hádegisverðarfundur í Bretlandi með þáverandi utanríkisráðherra; Ingibjörgu S. Gísladóttur á veitingastaðnum Texture sem er að hluta til í íslensku eigu. Farið var yfir stöðu mála á Íslandi.

Í júní, bæði 2008 og 2009, var hið árlega sumargrill BRÍS í Hyde Park og í lok þess mánaðar golfdagurinn á Forest Pines golfvöllinum í Lincolnsíri í Norður Englandi. Báðir þessir viðburðir hafa skapað sér fastan sess í starfsemi BRÍS sem óformlegur vettvangur fyrir félaga ráðsins og gesti þeirra til að bera saman bækur sínar og viðhalda tengslum hver við annan.

Aðalfundur ráðsins var haldinn í Reykjavík í byrjun desember 2009. Þar var nýskýpaður sendiherra Breta; Ian Witting, heiðursgestur. Efni fundarins var samskipti landanna í framhaldi af hruni íslensku bankanna.

Síðastliðið haust var tekið upp á því að bjóða félögum í gamaldags kaffiboð þar sem íslenskar veitingar voru á boðstólnum. Má þar nefna pönnukökur, kleinur, flatkökur með hangikjöti, rækjusalat og Ritz og að ógleymdu „kók og prins“.

Flutt voru erindi en heiðursgestur samsætisins var Benedikt Jónsson nýskipaður sendiherra í London. Mark Sismey-Durrant, formaður Bresk-íslenska viðskiptaráðsins ávarpaði gesti, Hjörvar S. Högnason, framkvæmdastjóri Icelandair í Bretlandi og Írlandi fór yfir stöðuna og hvernig félagið brást við niðursveiflunni. Alexander Eiríksson og Örn Gunnarsson frá SecurStore fóru yfir starfseminu í Bretlandi. Fyrirtækið var stofnað á Akranesi árið 1991 og hefur vaxið og dafnað stöðugt síðan.

Stjórn BRÍS samanstendur af formanni og þremur stjórnarmönnum sem hver er formaður deildar, en þær eru þrjár: Íslandsdeild - Brynjólfur Helgason formaður, Heiðrún Jónsdóttir (Eimskip) og Elsa Einarsdóttir (Útflutningsráð); Norður England - Mark Warburton formaður (Bridge McFarland) Simon Dwyer (Samskip), Philip Hall (Hull

City Council) og Steve Norton (Grimsby fish merchants); Suður England –Steinunn Kristín Þórðardóttir formaður (Akton) Hjörvar S. Högnason (Icelandair), David Zell (ráðgjafi) og Guðmundur Oddsson (Logos).

Formaður ráðsins, Mark Sismey-Durrant (Heritable), hefur stýrt starfsemi ráðsins af einstakri elju og dugnaði undanfarin ár. Eyrún Hafsteinsdóttur viðskiptafulltrúi í sendiráðinu í London starfar að hluta til fyrir ráðið. Bresk-íslenska viðskiptaráðið er hluti af samtökum breskra viðskiptaráða í Evrópu (Council of British Chambers of Commerce in Europe).

Dansk-íslenska viðskiptaráðið

Dansk-íslenska viðskiptaráðið (DÍV) var stofnað 27. apríl árið 2000 í Börsen í Kaupmannahöfn. Félagar í ráðinu eru tæplega 60 íslensk og dönsk fyrirtæki, úr ýmsum greinum atvinnulífsins.

Starfið á liðnum tveimur árum hefur verið fjölbreytt, þó hafa heldur fleiri uppakomur verið í Danmörku en á Íslandi. Boðið var upp á hefðbundið danskt jólahlaðborð á Cafe Fremtiden í okkar gömlu höfuðborg í lok nóvember 2008 en fyrr sama dag var haldinn aðalfundur í sendiráði Íslands. Félögum og vinum DÍV gafst tækifæri á að hittast og nýta kvöldið til að ræða málin og efla tengslin í afslöppuðu umhverfi.

„Alþjóðavæðing- staða efnahagsmála í nútíð og framtíð“ var yfirskrift fundar sem ráðið hélt ásamt Viðskiptaráði Íslands, sendiráðinu í Kaupmannahöfn og Dansk-íslenska vinafélaginu þann 11. mars árið 2008. Auk utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fluttu Dr. Richard Portes prófessor við London Business School, Sigurður Einarsson Kaupþingi, og Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi, erindi á fundinum. Töluverð umfjöllun í dönskum blöðum og sjónvarpi fylgdi í kjölfar fundarins.

Dansk-íslenska viðskiptaráðið og sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn efndu til fundar á Bryggjunni í Kaupmannahöfn þann 22. maí 2008 þar sem fjallað var á ný um íslenskt efnahagslíf. Fundurinn tókst vel; fundarsókn var góð og fyrirlestrar Jesper Rangvid prófessors í fjármálum við CBS og Þorsteins Þorgeirssonar frá Fjármálaráðuneytinu upplýsandi.

Friðrik krónprins Danmerkur og eiginkona hans Mary krónprinsessa, komu í opinbera heimsókn til Íslands í byrjun maí árið 2008. Í ferðinni sýndu þau Dansk-íslenska viðskiptaráðinu þann heiður að vígja nýlega lagfærða Konungssteina við Geysi í Haukadal, en ráðið stóð fyrir endurbótum á áletrunum steinanna.



Forsetahjónin stilla sér upp við konungssteinana ásamt Friðriki krónprins og Mary krónprinsessu

Konungssteinarnir, sem eru þrír talsins, bera merki konunganna sem höggvið er í þá, ásamt ártölunum 1874, 1907 og 1921, til minningar um heimsóknir þriggja Danakonunga til landsins.

Fundur um Ísland og Evrópusambandið var haldinn á Bryggjunni þann 24. nóvember 2009. Auk DÍV stóðu Íslenska viðskiptanetið í Danmörku og sendiráð Íslands að fundinum í samvinnu við Nordatlantens Brygge, Det Udenrigspolitiske Selskab og Dansk-íslensk Samfund. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, sagði frá umsóknarferli Íslands inn í Evrópusambandið. Uffe Ellemann-Jensen fyrrverandi utanríkisráðherra Dana sagði frá sinni skoðun á Íslandi og Evrópusambandinu. Um 170 manns sóttu fundinn og sköpuðust þar miklar umræður.

Aðalfundur ráðsins fór fram í desember í Reykjavík. Heiðursgestur fundarins var frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og heiðursfélagi DÍV. Hún fór yfir þá sögu, alveg frá því að ákveðið var að þygja gömlu vöruhúsin við Grænlandsbryggju og þar til að tókst að fá Mærsk Møller til að styrkja verkefnið. En markmiðið var að skipuleggja menningar- og rannsóknarmiðstöð fyrir Grænlandinga, Færeyinga auk Íslendinga. Nýr sendiherra Dana á Íslandi, Søren Haslund, og Sturla Sigurjónsson, nýr sendiherra Íslands í Danmörku ávörpuðu báðir fundinn. Ræddu sendiherrarnir báðir samskipti þjóðanna á árinu sem var að líða.

Stjórn DÍV skipa Sverrir Sverrisson formaður (Askar Capital), Arnar Gíslason (Bakosberg), Lárus S. Ásgeirsson (Sjóvá), Bjarni Ó. Halldórsson, (Aalborg Portland), Sigurður Skagfjörð Sigurðsson (Calidris), Peer Nørgaard (Pership), Mads Elming (Rexam Glass Holmegaard A/S), Steen Osorio (Samskip A/S) og Páll Pálsson (Rausn).

Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið

Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið (ÍTÍS) var stofnað í Mílanó þann 6. september 2001. Félagar ráðsins eru tæp 60, bæði íslensk og ítölsk fyrirtæki.



Stjórn Dansk-íslenska viðskiptaráðsins ásamt Vigdísi Finnbogadóttur heiðursmeðlimi ráðsins

Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið (ÍTÍS) og sendiráð Íslands á Ítalíu stóðu fyrir viðskipta- og fjárfestingakynningu í Mílanó þann 26. maí árið 2008. Kynningin var unnin í samvinnu við fyrirtæki og samtök, þ. m. t. viðskiptaráðið í Mílanó. Dagsetningin var valin í tengslum við fyrsta beina flug Icelandair til Mílanó.

Kynntir voru fjárfestingamöguleikar á Íslandi og skoðað hverniger hægt að auka fjárfestingar á milli landanna. Sérstök áhersla var lögð á orkunýtingu á Íslandi. Ferðapjónustan spilaði stórt hlutverk sem og íslensk menning.

Sendiráð Íslands í Róm sá um samhæfingu og skipulagningu á kynningunni í samstarfi við kjöræðismann Íslands í Mílanó, stjórnarmeðlimi ÍTÍS á Íslandi og á Ítalíu, Fjárfestingarstofu, Útflutningsráð Íslands, Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, Island Tours, Ferðamálastofu og Icelandair.

Hagkaup skipulagði glæsilega Ítalska daga í öllum verslunum sínum í byrjun október og stóðu þeir í 10 daga. Þeirra eigin vörumerki „Ítalía“ var í aðalhlutverki. Vöurnar koma frá svæðinu Maremma og víðar frá Toskana héraði.

Leonardo Da Vinci sýning var haldin í Reykjavík haustið 2008. Þessi sýning á tæknigripum sem Leonardo da Vinci teiknaði og smíðaði á 15. öld, var einstakt tækifæri til að efla og kveikja áhuga barna og unglinga á tækni og vísindum.

Nemendum og kennurum leik- og grunnskóla gafst kostur á að heimsækja þessa glæsilegu sýningu á gripum Leoanardo da Vinci, í Gallerí 100° og er hún hluti af alþjóðlegri farandsýningu um þennan mikla lista- og fræðimann. Gripirnir voru fengnir að láni úr safni um Leonardo, sem er í heimabæ hans, Vinci á Ítalíu.

Formaður ÍTÍS er Guðjón Rúnarsson (SFF). Aðrir í stjórn eru Carla Salaris (Lighthouse, Milano), Eygló Björk Ólafsdóttir (Lyfja) Francesco Ricasoli (Barone Ricasoli, Toskana), Garðar Ólafsson (Landsbanki), Gianluca Eminente (Unifrigio Gadus, Napoli), Guðrún Sigurðardóttir (Islandtours), Massimo Sani (lögmaður, Flórens), Sigurður Reynaldsson (10-11) og Sigurður Þorsteinsson (Designgroupitalia).

Spánsk-íslenska viðskiptaráðið

Spánsk-íslenska viðskiptaráðið (SPÍS) var stofnað árið 1997. Félagar ráðsins eru ríflega 40, frá Íslandi og Spáni.

Spánsk-norrænu viðskiptaráðin í Madrid skipulögðu í sameiningu kvöldverð „Noche Nórdica“ í byrjun júní 2008. SPÍS kom myndarlega að málum, en happdrættisvinningar komu meðal annars frá Íslandi. Kvöldið heppnaðist það vel að ákveðið var að gera þetta að árlegum viðburði.



Íslenskur saltfiskur var borinn á borð á kvöldverði Spánsk-íslenska

Á árinu 2008 var meðal annars skipulagður fundur í Barcelona með þáverandi sjávarútvegsráðherra, Einari K. Guðfinnssyni. Hann var afar vel sóttur af fyrirtækjum í sjávarútvegi og sköpuðust heitar umræður í katalónskum anda. Á fundinum áttu sér stað líflegar umræður um íslenskan sjávarútveg, einkum þann hluta hans sem lýtur að framboði íslenskra sjávarafurða á Spáni. Fundinn sóttu m.a. spánskir kaupendur íslenskra afurða. Allir höfðu þeir fundið fyrir minna framboði þorsks og miklum verðhækkunum frá Íslandi. Ráðherrann svaraði spurningum fundarmanna um minnkandi þorskafla með vísun til hinnar ábyrgu fiskveiðistjórnunar Íslendinga.

Spánsk-íslenska viðskiptaráðið skipulagði einnig heimsókn ráðherra á fiskmarkað Barcelona, Mercabarna, og heimsóknir til nokkurra íslenskra fyrirtækja í borginni.

Fundur Spánsk-íslenska viðskiptaráðsins var haldinn með dyggum stuðningi Viðskiptaráðs Barcelonaborgar og íslenskra fyrirtækja, Eimskips, Icelandic Seafood, Icelandair og Icelandic Ibérica.

Formaður SPÍS er Sigríður Á. Andersen (Lex Lögmansstofu). Aðrir stjórnarmenn eru Alex Net (Microblau), Ásbjörn Björnsson (Iceland Seafood), Hildur Eir Jónsdóttir (Ernst & Young í Madrid), Joaquin Armesto (Íslenska umboðssalan hf.), Karl Hjálmarsson (ROK Marketing), Mario Rotllant Sola (Copesco & Sefrisa S.A.) og Þorvarður Guðlaugsson (Icelandair).

Sænsk-íslenska viðskiptaráðið

Sænsk-íslenska viðskiptaráðið var stofnað í Reykjavík í júní árið 1997. Félagar í ráðinu eru um 35 fyrirtæki frá Íslandi og Svíþjóð.

Sendiráð Íslands blés til hátíðar í júní í Stokkhólmi fyrir Íslendinga og Íslandsvini í samstarfi við Glitni, Icelandair, Símann/Sirius IT, Baug Group, Sænsk-íslenska viðskiptaráðið, Útflutningsráð Íslands og utanríkisráðuneytið. Verkefnið fékk heitið „Ísländer är här“, sem var í reynd þrískipt; hádegisverðarfundur,

aflraunakeppni, kórsöngur og tónleikar. Um kvöldið var leikinn landsleikur í knattspyrnu. Hádegisverðarfundur með yfirskriftinni „Knattspyrna og fjárfestingar“ var haldinn í Strindbergssalen á Hotell Berns, í Stokkhólmi. Jóhanna Waagfjörð talaði um það hversu fótbolti og viðskipti eru í raun nátengd og sömu aðferðir viðhafðar í leikkerfum fótballaliðanna og liðanna innan hvers fyrirtækis. Aðrir sem töluðu voru Björn Richard Johansen (Glitni), Logi Ólafsson fyrrum landsliðsþjálfari og Guðmundur Árni Stefánsson sendiherra í Stokkhólmi.

Ráðið bauð Karin Forseke fyrrum ráðgjafa einkavæðinganeftdar sænska ríkisins og yfirmanns hjá Carnegie fjárfestingafélaginu til Íslands. Hún hefur staðið í eldliú sænsks viðskiptalífs á síðustu árum og hafði frá mjög mörgu að segja á hádegisverðarfundum sem haldinn var á hóteli Loftleioðum.

Formaður SÍV er Jafet Ólafsson (Veigur). Aðrir stjórnarmenn eru: Alfreð Jóhannsson (Ó. Johnson & Kaaber), Ásta Arnþórsdóttir (Islandia AB), Jóhann G. Jóhannsson (Salt Investments) og Jóhanna Waagfjörð (Hagar hf) Karítas Kjartansdóttir (VBS Investment Bank), Knútur G. Hauksson (Hekla hf), Kristín Pétursdóttir (Auður Capital) og Þórarinn Ævarsson (IKEA).

Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið

Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV) var stofnað í Reykjavík og Hamborg árið 1995. Félagar ráðsins eru tæplega 90, íslensk og þýsk fyrirtæki.

Ráðið stóð fyrir vel sótttri ráðstefnu í Bremen í tengslum við alþjóðlegu sjávarútvegs-sýninguna “Fish International” um framtíð sjávarútvegs á Íslandi og í Þýskalandi. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Glitni og sýninguna sjálfa en gestir komu víða að.

Starfsárið 2008-2009 var líklega það óhefðbundnasta frá stofnun ráðsins. Ýmislegt var undirbúið en ýmist felldu niður eða frestað. Má þar nefna opinbera heimsókn forseta Íslands til Þýskalands og fundi í Þýskalandi í tengslum við þá heimsókn.

Rétt fyrir hrun viðskiptabankann var ráðið með hugann við geiminn og bauð upp á áhugaverðan fyrirlestur um pólitísk og efnahagsleg markmið Evrópusambandsins í geimnum og hvernig slík starfsemi nýttist almenningi og fyrirtækjum “More Space for Europe: Europe’s Ambitions in Space”. Fyrirlesarinn, Dr. Johannes von Thadden, er framkvæmdastjóri hins pólitíska hluta samskiptasviðs hjá EADS Astrium sem er bæði



**Dr. Peter Dill, forstjóri Deutsche See
kynnir verksmiðjur sínar fyrir þáverandi
sjávarútvegsráðherra, Einari K. Guðfinnssyni**

eitt af stærstu fyrirtækjum heims í geimferðum og framleiðandi Airbus flugvélna. EADS er í fararbroddi nýtingar á geimnum og leikur algert lykilhlutverk fyrir Evrópu í þessum geira.

Dr. Johannes von Thadden var framkvæmdastjóri CDU og hægri hönd Angelu Merkel frá því hún tók við sem kanslari Þýskalands. Hann gjörþekkir auk þess þýskt viðskiptalíf eftir að hafa unnið hjá Samtökum Þýskra Viðskiptaráða í mörg ár sem yfirmaður alþjóðasviðs.

Þýskir dagar fóru fram í Reykjavík á liðnu hausti í tengslum við þingkosningar sem haldnir voru í Þýskalandi á sama tíma. Markmiðið var að beina athygli að gæðavörum og þjónustu frá Þýskalandi. En félagar ráðsins sem flytja inn neytendavöru eða þjónustu tóku þátt í átakinu, sem tókst vel.

Tæplega hálfrar aldar hefð var viðhaldið þegar tekið var á móti Hamborgartrénu, en það er staðsett er á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Tréð berst árlega sem þakklætisvottur Hamborgar-

búa fyrir matargjafir til þýskra barna í lok seinni heimstyrjaldarinnar.

Margar fyrirspurnir berast ráðinu á hverri viku og eru erindin fjölbreytt og af ýmsum toga. ÞÍV býður upp á ýmsa þjónustu s.s. aðstoð við endurgreiðslu virðisaukaskatts í Þýskalandi og víðar, aðstoð við innheimtu reikninga, veitir upplýsingar um fyrirtæki og margt fleira.

Þýsk-íslenska viðskiptaráðið er hluti af samtökum Þýskra Viðskiptaráða, sem eru um 80 innan Þýskalands og yfir 100 utan Þýskalands. Öll fyrirtæki innan Þýskalands eru með skylduáðild að Viðskiptaráði, því tengis ÞÍV gífurlega stóru neti allra fyrirtækja í Þýskalandi.

Í stjórn ÞÍV sitja: formaður Páll Kr. Pálsson (Skyggfir), Kristján Hjaltason (ráðgjafi), Gunnar Már Sigurfinnsson (Icelandair Cargo), Davíð Jóhannsson (Ferðamálaráð), Samúel Samúelsson (Isey Bremerhaven) og Petra Baader (Baader Lübeck).

SJÁLFSEIGNARSTOFNUN VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS UM VIÐSKIPTAMENNTUN

Stjórnendur í atvinnulífinu gera sér sífellt betur grein fyrir því að til þess að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að hafa innan sinna vébanda hæft og vel menntað starfsfólk. Alþjóðavæðing atvinnulífsins gerir það að verkum að fyrirtækin búa við meiri samkeppni en áður og ný tækni og meira flæði upplýsinga leiða til þess að kröfur til starfsfólks aukast stöðugt. Til að mæta þessari spurn eftir vel menntuðu og hæfu starfsfólki er mikilvægt fyrir atvinnulífið að taka virkan þátt í uppbyggingu menntakerfisins. Þetta er hlutverk sem Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) er ætlað að sinna.

Samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar er SVÍV ætlað að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla og auka menntun, rannsóknir og nýsköpun á öllum skólastigum sem nýtist atvinnulífinu. Í þeim tilgangi rekur stofnunin m.a. Verzlunarskóla Íslands (Versló), sem er framhaldsskóli og er hluthafi í Háskólanum í Reykjavík ehf., rekstrarfélagi um Háskólann í Reykjavík (HR).

Stjórn Viðskiptaráðs myndar fulltrúaráð SVÍV og fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. Að loknum aðalfundi Viðskiptaráðs skipar stjórn Viðskiptaráðs fimm menn í stjórn SVÍV að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, sem er jafnframt framkvæmdastjóri SVÍV. Stjórn SVÍV fer með yfirstjórn stofnunarinnar og annast skipulag hennar og umsýslu eigna. Í dag er formaður stjórnar SVÍV Tómas Már Sigurðsson, en auk hans sitja í stjórn Bryndís Hrafnkelsdóttir, Jón Karl Ólafsson, Vilhjálmur Egilsson og Þorkell Sigurlaugsson.

33

Starfsfólk Viðskiptaráðs ver umtalsverðum tíma í starfsemi SVÍV, jafnt í stefnumótandi sem og hagnýtum verkefnum. Framkvæmdastjóri ráðsins, Finnur Oddsson, er stjórnarformaður háskólaráðs, auk þess að sinna framkvæmdastjórn SVÍV. Hluti af starfsemi SVÍV er fólgin í fasteignarekstri en stofnunin er eigandi fasteignanna að Ofanleiti 1 og 2. Hafa þær fasteignir verið nýttar undir menntastarfsemi SVÍV fram til þessa.

VERSLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Saga Verzlunarskólans og Viðskiptaráðs er samtvinnuð frá upphafi. Skólinn tók til starfa haustið 1905, en þeir aðilar sem stofnuðu skólann voru Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannaráð Reykjavíkur. Skólinn var stofnaður með það að markmiði að auðvelda Íslendingum að afla sér menntunar á verslunarsviði. Árið 1917 var Kaupmannaráð Reykjavíkur endurskipulagt og upp úr því varð Verzlunarráð Íslands til (nú Viðskiptaráð Íslands). Samtímis tók ráðið yfir rekstur Versló og hefur haft umsjón með honum alla tíð síðan.

Stofnun Verzlunarskóla Íslands var mikilvægur liður í sjálfstæðisbaráttu landsins, en eftir því sem Íslendingar voru betur menntaðir á sviði verslunar- og skrifstofustarfa gátu þeir frekar rekið alla verslun í landinu án utanaðkomandi aðstoðar. Þá hafði stofnun Verzlunarskóla Íslands jákvæð áhrif á jafnréttisbaráttu í landinu því að bæði stúlkur og piltar höfðu jafnan aðgang að skólanum og strax í upphafi skapaðist hefð fyrir því að stúlkur stunduðu nám við skólann og gæfu piltunum þar ekkert eftir. Fyrsti dúx skólans var til dæmis stúlka, Lovísa Ágústsdóttir Fjelsted sem var í fyrsta útskriftarhópnum árið 1907.

Á þeim hundrað árum sem liðin eru frá stofnun skólans hefur margt breyst. Nemendafjöldinn hefur margfaldast og námsframboðið orðið fjölbreyttara með hverjum áratuginum sem liðið hefur. Þó má segja að Verzlunarskólinn hafi á þessum hundrað árum viðhaldið þeim sérkennum sínum að vera framsækinn skóli sem jafnan hefur leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám sem svarar kröfum samtímans. Um leið hefur ætíð verið lögð mikil áhersla á að nemendum líði vel í skólanum og yfirstjórn skólans hefur, einkum frá og með árinu 1931, lagt mikla áherslu á að félagslíf nemenda væri gott.

Stjórn SVÍV skipar fimm manna skólanefnd Verslunarskólans, en hún markar stefnu skólans, ákveður námsframboð, inntöskulýrði og meginstarfstilhögun skólans. Fram til þessa hefur skólanefnd Versló notið umtalsverðs sjálfstæðis frá stjórn SVÍV og séð að mestu um daglegan rekstur og framþróun skólans. Formaður skólanefndar er Bryndís Hrafnkelsdóttir, en auk hennar sitja í nefndinni Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Helgi Jóhannesson, Jón Diðrik Jónsson og Þórður Möller (fyrir hönd starfsmanna Verzlunarskólans). Skólastjóri Verzlunarskólans er Ingi Tómasson, en hann tók við starfinu haustið 2007.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

SVÍV stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík árið 1998 en skólinn byggði að grunni til á áratuga reynslu og frábærum árangri við rekstur Verzlunarskóla Íslands. Skólinn hefur nú starfað í rúman áratug við gott orðspor og tekið miklum breytingum á þeim tíma. Stærstu skrefin voru vafalaust sameining hans við Tækniháskóla Íslands og yfirstandandi flutningur í nýtt húsnæði í Vatnsmýrinni. Skólinn opnar ótal spennandi tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til að mæta breyttum tímum og styrkir samhliða innviði og samkeppnishæfni íslensks hagkerfis.

34

Starfsemi HR 2008-2009

Háskólinn í Reykjavík hélt áfram að vaxa og dafna á árunum 2008 og 2009. Skólinn hefur nú náð þeim árangri að vera fremstur meðal jafningja á Íslandi sem rannsóknarháskóli á sínum sérsviðum. Skólinn birtir fleiri vísindagreinar á þeim sviðum en aðrir innlendir háskólar og er með stóran hluta birtinganna í alþjóðlega viðurkenndum vísindatímaritum.

Alþjóðleg sýn skólans

Háskólinn í Reykjavík hefur verið trúr þeirri stefnu sinni að verða alþjóðlegur og sterkur rannsóknarháskóli, þar sem mikil áhersla er lögð á gæði kennslu og sterk tengsl við atvinnulífið. Fjöldi nemenda hefur verið stöðugur síðustu ár og eru nemendur skólans nú rétt um 3.000. Fimm deildir eru starfræktar við skólann; tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild, viðskiptadeild, lagadeild og kennslufræði- og lýðheilsudeild. HR er stærsti tækni- og viðskiptaháskóli landsins og útskrifar nú um 2/3 af öllu tæknimenntuðu fólki hér á landi og meira en helming allra viðskiptafræðinga landsins.

Við skólann starfa nú um 180 akademískir starfsmenn (lektorar, dósentar, prófessorar, aðjúnktar, nýdoktorar, gestaprófessorar og aðrir sérfræðingar) að margvíslegum rannsóknarverkefnum í samstarfi við bæði innendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Þessir starfsmenn koma frá á þriðja tug landa í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku, Asíu og Ástralíu. Samstarfsskólum HR fer sífellt fjölgandi og eru þeir nú vel á annað hundraðið.

Árið 2008 var alþjóðleg ráðgjafarnefnd HR sett á laggirnar í þeim tilgangi að styrkja akademískar stoðir skólans. Í nefndinni eru sjö stjórnendur og fræðimenn við sjö mismunandi háskóla sem allir eiga það sameiginlegt að vera í fremstu röð í heiminum. Auk þess hafa ráðgjafar frá bandarískum og evrópskum háskólum komið að uppbyggingu einstakra deilda á síðustu árum.

Í upphafi ársins 2009 var John B. Vander Sande ráðinn konrektor HR. Ráðningu hans var ætlað að efla enn frekar akademíska uppbyggingu HR og gera skólann þannig betur í stakk búinn til að láta til sín taka í framtíðinni, jafnt heima sem erlendis. John er doktor í verkfræði frá Northwestern háskóla í Chicago og hefur gegnt prófessorsstarfi við MIT síðan árið 1971.

Rannsóknar- og fræðastarf við HR

Við Háskólann í Reykjavík er lögð áhersla á alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir sem veita nýrri þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf og samfélag. Skólinn hefur mótað sér skýra rannsóknarstefnu og markviss skref hafa verið stigin til að efla rannsóknir. Staða HR í íslensku rannsóknarumhverfi hefur styrkst verulega á aðeins örfáum árum og skólinn náð á skömmum tíma að byggja upp frjótt og aðlaðandi rannsóknarumhverfi fyrir innlenda og erlenda vísindamenn.

Á meginfræðasviðum hefur Háskólinn í Reykjavík nú náð markverðum árangri í rannsóknum. Á þriggja ára tímabili, þ.e. frá 2007 til 2009, hafa heildarstyrkir úr innlendum samkeppnissjóðum til skólans þrefaldast á sama tíma og styrkjum hefur fjölgað úr 26 í 38. Þar að auki hefur HR fengið marga styrki úr erlendum samkeppnissjóðum, m.a. tvo stóra styrki úr 7. rannsóknaráætlun ESB; samtals að upphæð 550 milljónir króna.

Nýbygging HR við Nauthólsvík

Framkvæmdir við nýbyggingu HR í Nauthólsvík hafa gengið vel og í ársbyrjun 2010 fluttu þrjár af fimm deildum skólans, tækni- og verkfræðideild, viðskiptadeild og tölvunarfræðideild starfsemi sína þangað. Alls hafa þá 2.300 af 3.000 nemendum skólans flutt í Nauthólsvík. Áætlanir gera ráð fyrir að skólinn verði allur kominn undir eitt þak sumarið 2010.

Í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík er að finna margar nýjungar sem styðja við kennslu og rannsóknir á háskólastigi. Aðstaða til náms verður í fremstu röð, bæði kennsluáðstaða og vinnuáðstaða nemenda. Við hönnun byggingarinnar hefur sérstök áhersla verið lögð á góð samskipti nemenda og kennara og þverfaglegan skóla þar sem nemendur hittast í opnu samfélagi án deildamúra. Með allar deildir undir sama þaki skapast einstæð aðstaða til að vinna þvert á deildir og stuðla að aukinni fjölbreytni í kennslu og betri tækifærum til nýsköpunar.

Horft til framtíðar

Í árslok 2009 tilkynnti dr. Svafa Grönfeldt að hún hygðist láta af embætti sem rektor HR. Hún sagði við það tækifæri að hún hefði sett sér þrjú markmið þegar hún tók við embætti rektors í ársbyrjun 2007; að styrkja skólann faglega og fjárhagslega og að koma skólanum í nýtt húsnæði í Nauthólsvík. Þeim markmiðum væri nú náð og því hefði hún ákveðið að hverfa til annarra starfa í atvinnulífinu. Í hennar stað hefur verið ráðinn dr. Ari Kristinn Jónsson, sem gegnt hefur embætti forseta tölvunarfræðideildar í þrjú ár.

Háskólinn í Reykjavík er og verður leiðandi afl í rannsóknum og kennslu á sviðum tækni, viðskipta og laga á Íslandi. Með áherslu á mannlega þætti, nýsköpun, gæði, tengsl við atvinnulíf og alþjóðlegt samfélag mun HR áfram gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi.



Nýtt merki
Háskólans í Reykjavík

**ÁRSREIKNINGUR VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS
2008 / 2009**

REKSTRARREIKNINGUR

	2009	2008
Rekstartekjur		
Árgjöld	66.397.353	70.864.141
Tekjur fasteignar	7.817.205	10.145.154
Aðrar tekjur	28.748.870	35.449.034
	102.963.428	116.458.329
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	63.673.393	62.172.942
Annar rekstrarkostnaður	28.881.394	41.874.722
Rekstur fasteignar	4.131.062	4.778.334
Afskriftir	2.159.111	2.411.181
	98.844.960	111.237.179
Rekstrarhagnaður	4.118.468	5.221.150
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur og gengismunur	10.464.682	11.530.636
Vaxtagjöld og verðbætur	(69.498)	(316.623)
	10.395.184	11.214.013
Hagnaður ársins	14.513.652	16.435.163

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir	2009	2008
Fastafjármunir		
Varanlegir fastafjármunir	58.176.411	60.335.522
Verðbréf og eignarhlutir í félögum	22.216.178	4.157.312
	80.392.589	64.492.834
Veltufjármunir		
Óinnheimt árgjöld	1.701.576	3.883.584
Viðskiptakröfur	8.498.725	4.423.309
Óbundnar bankainnstæður	108.177.728	126.451.159
	118.378.029	134.758.052
Eignir sjóða í vörslu Viðskiptaráðs Íslands	33.251.781	32.205.430
Eignir samtals	232.022.399	231.456.316

Eigið fé og skuldir

Eigið fé		
Varasjóður	165.594.050	151.080.398
Eigið fé sjóða		
Sjóðir í vörslu Viðskiptaráðs Íslands	33.251.781	32.205.430
Langtímaskuldir		
Verðtryggð lán	0	262.761
Skammtímaskuldir		
Fyrirfram innheimtar tekjur	12.000.000	15.100.000
Aðrar skammtímaskuldir	14.861.558	26.234.882
Endurmenntunarsjóður Viðskiptaráðs Íslands	6.040.242	6.047.323
Næsta árs afborganir langtímaskulda	274.768	525.522
Skuldir samtals	33.176.568	48.170.488
Skuldir og eigið fé samtals	232.022.399	231.456.316



VÍÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS